



Garðskirkja

Grenjaðarstaðarkirkja

Húsavíkurkirkja

Neskirkja

Sauðaneskirkja

Skinnastaðarkirkja

Svalbarðskirkja

Þverárkirkja



*Garðskirkja*



*Grenjaðarstaðarkirkja*



*Húsavíkurkirkja*



*Neskirkja*



*Sauðaneskirkja*



*Skinnastaðarkirkja*



*Svalbarðskirkja*



*Þverárkirkja*

KIRKJUR ÍSLANDS er grundvallarrit um friðaðar kirkjur á Íslandi þar sem horft er á þær frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörsu. Í máli og myndum er fjallað um kirkjurnar sjálfar ásamt kirkjugripum og minningarmörkum.

Í þessu bindi er sagt frá átta kirkjum í Pingeyjarprófastsdæmi, sem sameinað var Eyjafjarðarprófastsdæmi árið 2010: Garðskirkju, Grenjaðarstaðarkirkju, Húsavíkurkirkju, Neskirku í Aðaldal, Sauðaneskirkju, Skinnastaðarkirkju, Svalbarðskirkju og Þverárkirkju. Höfundar eru Björn Ingólfsson rithöfundur og fræðimaður, Hjörleifur Stefánsson arkitekt, Sigrún Kristjánsdóttir, fyrrverandi forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Þingeyinga, Sverrir Haraldsson kennari og sagnfræðingur og Völundur Óskarsson sagnfræðingur.

Svalbarðskirkja er með elstu timburkirkjum landsins, reist 1848 af Gísla Þorsteinssyni timbursmið, í henni er dönsk vængjatafla frá 17. öld. Í Skinnastaðarkirkju, sem Þórarinn Benjamínsson frá Akurseli smíðaði, er upphafleg skrautmálning eftir Arngrím Gíslason málara og skírnarfontur eftir Ágúst Sigurmundsson myndskera. Árni Hallgrímsson frá Garðsá smíðaði kirkjuna á Grenjaðarstað, hún á altaristjaka úr tini frá 17. öld. Sauðaneskirkja á Langanesi, sem Björgólfur Brynjólfsson snikkari teiknaði, skartar merkilegum prédikunarstóli frá 1765. Steinkirkjuna á Þverá, verk Jakobs Frímanns Brynjólfssonar, prýðir undurfögur altaristafla eftir Arngrím Gíslason málara. Timburkirkjan í Garði, sem Stefán Erlendsson í Ólafsgerði byggði, var hjúpuð steinsteypu um miðja síðustu öld, þar er altaristafla eftir alþýðumálarann Sveinunga Sveinungason. Neskirku í Aðaldal er dæmigert sveitserhús og blæfögur utan sem innan, forsmiður hennar var Eiríkur Þorbergsson. Húsavíkurkirkja er stærsta krosskirkjan sem Rögnvaldur Ólafsson húsameistari teiknaði, sannkallað byggingarlistaverk og kórónan á lífsstarfi hans. Í henni getur að líta altaristöflu eftir Svein Þórarinsson og tréskurðargripi eftir Jóhann Björnsson.

Bókin er prýdd fjölda ljósmynda, sem Ívar Brynjólfsson ljósmyndari Þjóðminjasafns hefur tekið, og teikningum af kirkjunum átta. Bókin er gefin út með styrk frá Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.

# 22. bindi

## Ritnefnd

Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður  
Nikulás Úlfar Másson forstöðumaður Húsafríðunarnefndar  
Agnes M. Sigurðardóttir biskup  
Þorsteinn Gunnarsson arkitekt, formaður

## Ritstjórn

Jón Torfason  
Þorsteinn Gunnarsson

## Höfundar

Björn Ingólfsson  
Hjörleifur Stefánsson  
Sigrún Kristjánsdóttir  
Sverrir Haraldsson  
Völundur Óskarsson

## Ljósmyndir

Ívar Brynjólfsson, ljósmyndari Þjóðminjasafns Íslands

## Umsjón mynda

Inga Lára Baldvinsdóttir fagstjóri myndasafns Þjóðminjasafns Íslands

## Umsjón teikninga

Þorsteinn Gunnarsson arkitekt

## Kápumynd

Húsavíkurkirkja

© Húsafríðunarnefnd, Þjóðminjasafn Íslands og höfundar 2013

Öll réttindi áskilin

Hið íslenska bókmennatafélag er meðútgefandi og annast dreifingu  
Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun,  
prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta  
eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefenda.

Enskar þýðingar: Anna H. Yates

Hönnun og kápa: Halla Helgadóttir

Umbrot og prentun: Oddi umhverfisvottuð prents miðja

Letur á meginmáli: 10,5 punkta Adobe Garamond Pro á 14,5 punkta fæti / Pappír: Mediaprint matt 135 gr.

ISBN 978-9979-66-307-2



1. Þverá í Laxárdal. – *Pverá in the Laxárdalur valley.*

## P V E R Á R K I R K J A

### Kirkjustaður

Þverá í Laxárdal er forn kirkjustaður og höfuðból. Bærinn stendur í austurhlíð Laxárdalsheiðar sem liggur á milli Laxárdals og Reykjadals. Laxárdalur er grunnur en vel gróinn, hann er austastur þeirra dala er ganga upp frá Aðaldal. Eftir dalnum fellur Laxá. Ofan af heiðinni, norðan bæjar, rennur Þverá sem bærinn er kenndur við. Í Þverárlandi eru eyðibýlin Mánahjalli, einnig nefnt Þverársel, og Litla-Þverá. Þverá er þriðji bær vestan ár talið að norðan. Næstu bær eru Auðnir að sunnan og Halldórsstaðir að norðan. Kirkjan stendur í kirkjugarðinum suður og austur af gamla torfbænum sem byggður var um miðja 19. öld. Bærinn er í umsjá Þjóðminjasafns ásamt gömlum fjárhúsum og hlöðu úr torfi og grjóti sem þar standa í túni. Sunnan kirkju stendur núverandi íbúðarhús og fjárhús. Neðan vegar, við heimreið að Þverá, stendur Jónssteinn, minnisvarði um Jón J. Víðis landmælingamann en hann fæddist á Þverá árið 1894. Jón var sonur Jóns Jónssonar Þveræings, sonar Jóns Jóakimssonar og Herdísar Ásmundsdóttur. Minnisvarðinn var reistur árið 2009.

Þverár er getið í *Reykdæla sögu*. Á söguöld komu menn þar saman til að ráða ráðum sínum eftir harðindavetur. Blíðka þurfti guði þá er veðrum réðu og voru menn ekki á eitt sáttir

um til hvaða ráða skyldi grípa. Ljótur hofgoði á Þverá vildi heita fégjöfum til hofsins, bera út börn og drepa gamalmenni. Að ráðum hans var ekki farið, heldur hölluðust menn fremur að tillögu Áskels goða í Hvammi í Reykjadal sem taldi guðunum gagnlegra að duga vel gömlu fólk og fæða upp börn.<sup>1</sup> Í *Sturlungu* segir frá Ísleifi Hallssyni frá Grenjaðarstað er bjó á Þverá. Hann bauð Guðmundi biskupi góða heim til sín eftir hremmingar hans á Helgastöðum í Reykjadal árið 1220.<sup>2</sup>

Árið 1712 var Þverá í eigu séra Gísla Einarssonar í Múla<sup>3</sup> en hefur verið í eigu sömu ættar frá því fyrir miðja 19. öld en þá hóf Jón Jóakimsson bóndi og síðar hreppstjóri í Helgastaðahreppi hinum forna búskap á Þverá. Hann var faðir Benedikts á Auðnum og föðurbróðir Jakobs Hálfðánarsonar fyrsta kaupfélagsstjóra Kaupfélags Þingeyinga. Enn býr afkomandi Jóns Jóakimssonar á Þverá árið 2012.

Jón Jóakimsson hófst fljótlega handa við byggingu þess torfbæjar er enn stendur. Í þeim bæ var stofnfundur Kaupfélags Þingeyinga haldinn þann 20. febrúar árið 1882 en Þverá var á þessum tínum tíður fundastaður í miðhéraði sýslunnar. Ferðaleiðir margra lágu þar um og húsakynni voru nokkuð rúmgóð á þeirra tíma mælikvarða.<sup>4</sup> John Coles var breskur ferðamaður, sem var hér á ferð sumarið 1881,

og kom að Þverá. Hann lýsir móttökum þar og hefur greinilega þótt nokkuð til koma, m.a. nefnir hann að á Þverá hafi hann séð þann eina ofn á íslenskum sveitabæ sem á vegin hans varð í Íslandsheimsókn þessari. Coles segir: „Allt á þessum bæ bar vott um meiri snyrtimennsku og hagsýni en maður átti að venjast á íslenskum bæjum, herbergin voru snoturlega búin húsgögnum og mikið af bókum í hillum.“<sup>5</sup> Búið var í gamla bænum til ársins 1966.

Árið 1876 hóf Jón Jóakimsson undirbúning að smiði þeirrar kirkju er nú stendur á Þverá. Kirkjan var vígð í september árið 1879 að viðstöddum fjölda gesta. Fyr nefndur John Coles var viðstaddir messu á Þverá þann 28. ágúst 1881 hjá séra Benedikt Kristjánssyni á Grenjaðarstað. Hann lýsir messunni, sem var skírnarmessa, klæðnaði prestsins og ágætum söng. Síðan bætir hann við: „En mikið var um umgang meðan á messunni stóð, menn gengu út og inn eins og þeim þóknaðist og margir fóru áður en henni lauk. Ég held að þetta hafi verið vegna þess, hve messan var löng: fullir tveir tímar, þar af tók ræðan klukkutíma.“<sup>6</sup>

Elstu heimildir um kirkju á Þverá er Auðunarmáldagi frá 1318.<sup>7</sup> Máldaginn er tvískiptur, eldri og yngri hluti. Líklegt má telja að eldri hlutinn sé frá tímum fyrir daga Auðunar rauða biskups og jafnvel allt frá því snemma á 12. öld, þ.e.a.s. frá tímum Jóns Ögmundarsonar á Hólum (1106-1121).<sup>8</sup> Erfitt er því að fullyrða nokkuð um það hvenær kirkja hefur risið fyrst á Þverá en það gæti hafa verið fljótlega eftir 1100.<sup>9</sup> Í máldaga Péturs biskups Nikulássonar fyrir kirkjur í Hólabiskupsdæmi frá árinu 1394 kemur fram að kirkjan á Þverá var helguð hinum heilaga Pétri.<sup>10</sup>

Þverákkirkja var upphaflega annexía frá Helgastaðakirkju í Reykjadal. Árið 1670 var

hún lögð saman við Grenjaðarstaðarsókn til uppeldis aðstoðarpresti. Árið 1880 var sóknin lögð að nýju til Helgastaða en 1907 til Grenjaðarstaðar aftur. Hefur sú skipan haldist síðan.<sup>11</sup> Þverákkirkja er bændakirkja en ólíkt flestum öðrum slíkum kirkjum átti hún aldrei neina jarðeign.<sup>12</sup> Ítok mun kirkjan hafa átt í dorgargöngu fyrir two í Kringluvatni, svarðartekju í landi Hóla í Laxárdal og geldfáruprekstur í Króksdal suður með Skjálfandafljóti sunnan Bárðardals. Þá átti kirkjan ítok í legsteinagrjótnámu í Kasthvammslandi.<sup>13</sup> Þar er til örnefnið Legsteinaklöpp sem er stuðlabergsklöpp.<sup>14</sup> Sú sama náma er nefnd í kaflanum um Einarstaðakirkju í Reykjadal og Ljósavatnskirkju. *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalín getur bænhúsa á Halldórsstöðum, Hólum og í Kasthvammi.<sup>15</sup> Þá eru örnefni á Brettingsstöðum sem vísa til kirkju eða bænhúss þar.<sup>16</sup>

Laxárdalur fellur allur undir Þverássókn. Skömmu áður en núverandi kirkja reis voru níu bær í byggð í dalnum og sóknarmenn 80 talsins.<sup>17</sup> Skáldkonan Hulda, Unnur Benediktsdóttir Bjarklind, sem fædd var árið 1881 og afabarn Jóns Jóakimssonar, minnist messu frá æskudögum sínum í Þverákkirkju: „Ennþá man ég hvar hver bær í dalnum átti sína menn í kórnum og sé höfuð þeirra við hvítan kirkjustafninn.“<sup>18</sup>

Hulda orti um kirkju sína á Þverá:

*Fátt er af fólk i dalnum  
en fögur turnkirkjan er,  
stöðug, úr steini hvítum  
hún stirnda lofthvelfing ber.<sup>19</sup>*

Nú eru fimm bær í byggð í Laxárdal.

SH

## Byggingarsaga kirkjunnar

Þverárkirkja stendur í kirkjugarðinum suð-austur undan gamla bænum á Þverá. Bæjarþilin snúa til austurs í átt til árinnar en kirkjan er rétt sunnan við bæinn, handan hlaðsins og snýr dyrum til vesturs. Þarna hefur Þverár-kirkja að líkindum staðið alla tíð.

Jón Jóakimsson (1816-1893) kirkjubóndi á Þverá fæddist á Mýlaugsstöðum í Aðal-dal. Hann fór til Reykjavíkur árið 1836 til þess að læra snikkaraverk segir í kirkjubók. Hann mun hafa lært hjá E. Helgasen í þrjú ár og kom aftur norður með sveinsbréf upp á vasann.<sup>20</sup> Eitthvað mun þetta þó málum blandið því heimildir greina einnig frá því að Þorsteinn Daníelsson á Skipalóni hafi gefið út sveinsbréf hans.<sup>21</sup> Líklega er E. Helgasen sami maður og Einar Helgason (1793-1844), bróðir Árna Helgasonar biskups í Görðum<sup>22</sup> en Einar tók sveinspróf í Kaupmannahöfn árið 1819.<sup>23</sup>

Næstu ár vann Jón við smiðar af ýmsu tagi. Hann kvæntist Herdísí Ásmundsdóttur frá Stóruvöllum en hún átti hluta af Þverár-jörðinni. Þangað fluttu þau og hófu búskap árið 1844. Jörðin var illa hýst og hafði verið vanrækt lengi. Eftir fárra ára búskap hóf Jón uppbyggingu húsa á Þverá af miklu kappi. Hann hélt dagbækur í um hálfa öld, 1844-1893, og skrifaði í þær flest er viðkom framkvæmdum hverskonar, einkum húsbygg-ingum.

Jón var einstakur um margt. Hann var mjög reglusamur um flest er laut að búrekstrinum og metnaður hans stóð til þess meðal annars að húsakostur á Þverá væri góður. Byrjað var á baðstofunni árið 1849 og haldið áfram linnulítið til 1860 en þá var bærinn fullbyggður í þeirri mynd sem hann hefur að

verulegu leyti enn, auk margra útihúsa sem reist voru á þessu tímiskeiði.

Þegar Jón og Herdís hófu búskap á Þverá stóð þar torfkirkja sem orðin var nokkuð lé-leg. Árið 1861 var henni lýst þannig:

*Að öllu byggingar ástandi lítur [kirkjan] rétt viðlíka út og lýst er í fyrri ára vísitasíum hennar og ekki ber á nokkrum verulegum halla á henni, því hornstafir standa að mestu eða öllu leyti réttir enn, þótt stafirnir á milli hallist á ýmsa vegu þá lítur svo út sem þeir hafi upphaf-lega verið svo ólaglega niður settir. Innanbygg-ningin öll er gömul, ófrið og klúðursleg, einkum er gólfíð mjög hrjálegt og fúið orðið því engin eru undirlög svo það liggar á moldinni. Pakið á suðurhlið er hrjálegt sem proprietarius ætlar að láta endurbæta í haust. Suðurveggur kirkjunnar, sem gamall og skörðóttur er, fer lika illa með sig en gjörir þó ekki húsinu skaða.<sup>24</sup>*

Torfkirkjunni hélt áfram að hraka og ekki var ráðist í miklar endurbætur á henni, enda hefur hún varla verið á vetur setjandi að mati metnaðarfulls bóna og smiðs. Líklega hefur hann snemma ákveðið að byggja nýja kirkju í fyllingu tímans. Árið 1876 kunngjörði hann ákvörðun sína sem hann hefur vafalítið tekið í samráði við sóknarmenn. Í vísitasíu árið 1876 segir um kirkjuna að hún sé:

*í hinu sama hrjálega ásigkomulagi, sem lýst er í næstu vísitasíu, enda er í áformi að byggja hana að nýju undir eins og efni fæst til þess og það verður flutt, sem þó eigi getur orðið fyrr en á öðru sumri. Vegir og þök kirkjunnar og sömuleiðis kirkjugarðurinn eru hrjáleg en réttast virðist að fresta endurbótum á þessu þangað til kirkja verður byggð.<sup>25</sup>*

Pverá í Laxárdal.



2. Kirkjan og gamli bærinn á Pverá um 1915. Ljósmyndari óþekktur. Þjms. Pk 1254. – *Church and old farm-house at Pverá c. 1915. Photographer unknown.*

Ný kirkja var byggð í stað torfkirkjunnar árin 1878-1879. Þau tvö ár sem kirkjubyggingin stóð yfir lýsti Jón bóndi framvindu hennar í dagbók sinni. Fyrsta færsla dagbókarinnar um kirkjubyggingarmálið er í október 1876:<sup>26</sup>

*Komu sóknarmenn hjer saman, eftir bón minni, til að ræða um kirkjubygginguna hjer. Voru allir á því, að byggja þyrfti hana en af hverju efni, nefnilega torfi, trje eða steini, voru ekki allir á sama máli. Voru allir á því að byggja hana af grjóti, sandsteini, sem fá má nóg af hjer á móts við t Hólandi, nema Pórarinn á Halldórsstöðum sem vildi lítið leggja til þessa. Áskildi ég við sóknarmenn að kosta byggingu kirkjunnar að veggjum, nefnilega alla vinnu á þeim, og var því ekki mótmelt af neinum nema Pór. Ákveðið að taka upp grjót á morgun.*

Í raun er sú steintegund, sem þarna er nefnd, móberg en ekki sannkallaður sandsteinn. Ekki hafa fundist frekari heimildir um hvernig á því stóð að ákveðið var að byggja

nýju kirkjuna úr móbergi en óhætt er að fullyrða að það hefur verið að vel yfirveguðu ráði. Til þessa hefur þurft djörfung og mikinn metnað. Víða sunnanlands tíðkaðist að nota móberg í veggjahleðslu torfhúsa og sennilegt verður að telja að það hafi verið gert víðar um land. Veggir Viðeyjarstofu voru að nokkru hlaðnir úr móbergi<sup>27</sup> og ef til vill einnig veggir Landakirkju en bæði húsin voru byggð af dönskum steinsmiðum á seinni hluta 18. aldar. Steinhús voru fátíð og yfirgnæfandi hluti kirkna var á þessum tíma byggður úr timbri.

Úr þessari dagbókarfærslu má lesa þá ákvörðun sóknarmanna og Jóns Jóakimssonar, að sóknarmenn leggja til alla vinnslu og flutning á grjótinu en Jón kirkjubóndi kostar smíði kirkjunnar. Ef ákveðið hefði verið að byggja kirkjuna af timbri hefði kirkjubóndi

átt að greiða bæði byggingarefnið allt og flutning á því.

Í dagbók Jóns er svo allítarleg lýsing á byggingarferlinu frá upphafi til enda:

Október 1876. 23.-27. Blíðasta tíð og sunnanátt, stundum hvass. Sóknarmenn að taka upp og kljúfa grjót yfir í klöppum, og við það daglega 7-9 manns. Hættu því í kvöld.

Febrúar 1877. 10. Í 2 daga ekið kirkjugrjóti af sumum sóknarmönnum, hinir ekki getað það, vegna veikinda af hettusótt. 12.-17. Alla þessa viku ekið kirkjugrjóti og lokið við að koma því öllu vestur yfir ána en lítið komið heim. Mest unnið að því af 3-4 bæjum héðan, Hólum, Ljótsstöðum, Birningsstöðum.

Mars 1877. 10. Sóknarmenn í gær og dag að aka heim kirkjugrjótinu. 13. Ekið kirkjugrjóti þessa daga og lokið við það í dag. Var það 326 áki hjer heim.

Júníus 1877. 2. Var hjer haldin hlutavelta (tombóla), sem ungar menn gengust fyrir hjer í sókninni (einkum Jónas á Ljótsstöðum) og vera á til styrktar Pverárkirkju. Kom margt folk, var nr. tala hátt á þriðja hundrað og hátt á annað hundrað 0. Drátturinn kostaði 35 aura og gekk allt út og búið um miðaftan.

September 30. Voru hjer Þór hreppstjóri, Sigurður í Hólum, Benedikt á Auðnum að jafna niður vinnu við kirkjubyggininguna á sóknarmenn, grjótupptekt og aðflutningi.

Október 6. Sóknarmenn tekið upp grjót í grunninn.

Febrúar 1878. 13. Fór Jónas og Jón litli út í Húsavík með 2 hesta og sleða að sækja kirkjuvið og kalk.

Mars 1878. 23. Sóknarmenn ekið kirkju (grunn) grjóti 2-3 daga, besta færi.

April 10. Sigurður á Birningsstöðum hjer að höggva kirkjugrjót til þess 13., 4 daga alls.

Mai 1878. Var rífin kirkjan hjer, flestir viðir fúnir. 11. Sóknarmenn hjer í dag og gær að sprengja burt kirkjuveggina og byrjað að grafa fyrir grunni. Sigurður á Birningsstöðum og Kristján í Hólum einlægt hjer að höggva grjót. 17. Jakob steinhögvari kom hingað í fyrrkvöld en af því tíðin var svo ill og hann gat ekkert gjört, fór hann í dag fram í Bárðardal að skoða þar grjót, eftir bón Jóns á Stóruvöllum. Ætla þeir það í Lundabrekukirkju, er brann í veturn, og nú á aftur að byggjast af steini. 20. Jakob var fyrst dálitið við verk að höggva. Lokið við að grafa fyrir grunni kirkjunnar. 23. Byrjað að hlaða grunninn og verið við það 24. og 25. af 6-8 daglega, Jakob við það líka. Er nú nálegt hálfnað. 27. og 28. Verið við grunnhleðslu af 5, fullgjörður á 2 vegu og lokið við grjótið. Vantar töluvert af grjóti. 29. voru menn 4 að taka upp grjótið, Jakob að höggva.

Júní 1878. 6. Er nú loks fullgerður kirkjugrunnurinn, þurfti að flytja 300 hesta af grjóti í hann og nokkuð af möl. 8. Þessa daga lagður fóturinn undir kirkju og klárað í kvöld að kalka hann og gengu til þess nær 1½ tunna kalks og voru við það 3-4 menn með Jakobi. 15. Gunnlaugur Oddsson verið hér að smiða hurð og karma til kirkjunnar. Kristján á Hólum verið hér 4 daga með Jakobi. Komið lag á ytri brún á hliðarveggi og vesturstafn. Purft mest að höggva það. 22. Enginn verið hér við kirkjubyggingu aðkomandi nema Jakob og Kristján í Hólum. Komið 1 lag á hliðarveggi, 2 á stafna, Jónas oftast verið við að höggva, Jón að slá kalk stundum. 29. 3-4 verið við kirkjubyggininguna, búin 3 lög í kring.

Júlí 1878. 5. Sömu menn verið við kirkjubyggininguna sem næstu viku. 8. Kom Baldvin Sigurðsson að vera hér við grjóthogg og kirkjubyggingu, sendur af Bárðdælum að læra það, eftir því sem kostur er á. 14. Kom Snorri að utan og Stebbi í Skrifstyki með honum, verður hér að slá kalk. 20. Kirkjuveggirnir búin undir boga og grjótið að kalla búið.

Júlí 1878. 21. Sóknarmenn á fundi hér að ræða um grjóleysið og ræða um flutning á því. Afráðið að gjöra það næstu 3 daga. 24. Tekið upp grjót og flutt (153 hestar) þessa 3 daga. 31. Búið að hlaða gluggaboga og jafnt við þá norður hliðvegg. Jakob, Baldvin og Stebbi við það einlægt.

Ágúst 1878. Byrjuðu í dag að smiða kirkjuginnina. Búnir kirkjuveggirnir undir ris, vesturstafn 3 lögum lægri. Peir sömu 3 verið við það. 17. Kirkjugrindin reist í kvöld. Voru þessa viku við hana: Þorgrímur gamli að austan, Benedikt á Auðnum 5 daga og Gunnlögur á Langavatni í 3 daga. Vantar binding í turninn og fleira. Helt ég dálitla minningu og var brallað fram til klukkan 2 um nóttina. Fór Gunnlögur heim. 24. Lokið við að leggja þak og papp á kirkjuna, nema turninn, sem er enn óklæddur, nema hatturinn sem Þorgrímur hefir verið við alla þessa viku og komst upp í dag. Við þakið hafa verið í 5 daga: Jón Pálsson og Baldvin. 25. Var ég við Húsavíkurkirkju. Tók út trjávið til kirkjunnar. 31. Lokið nú við kirkjuturninn að pappfekja hann. Baldvin og Þorgrímur verið við það. Vantar hlera og glugga. Jakob ekkert hlaðið fyrr en í dag undir þakskegg.

September 1878. 1. Fluttu sóknarmenn flestir 1-2 og 3 ferðir af grjóti til kirkjunnar (33 hesta). 7. Jakob og Baldvin búnir hlaða undir þakskegg og byrjaðir á stafni. Þorgrímur hjer enn, smiðað hlera og glugga og stöng á turninn. 10. Lauk Þorgrímur við það sem hann gat smiðað, síðast kross á kirkjuna. 12. Fór Þorgrímur alfarinn hjeðan upp að Vatni. 14. Nú eru kirkjustafnarnir búinir, nema 2 lög vantar á austurstafn. 18. Jakob að káka við hleðslu. 29. Í gerkvöldi lauk Jakob alveg við að hlaða undir þekju kirkjunnar að innan, á því að heita að alveg sje búið að hlaða veggi að henni en öll óspekkuð að innan, sem nú verður ekki gjört fyrir ótið

og frostum, og verður því að bíða vors. 30. Bikaði Baldvin turninn og lítið eitt af kirkjunni.

Október 1878. 4. Fór Baldwin alfarinn burt. 5. Fór Jakob steinsmiður alfarinn burt, hefur ekkert vik gjört þessa viku.

19. Fór jeg og fleiri yfir um á að útvega hellu fyrir kirkjudyr.

Janúar 1879. 14. Komu piltar mínir frá Húsavík, fluttu korn og kirkjuborð o.fl.

Maí 1879. 2. Kom Þorgrímur gamli Austmaður að vera hjer við innansmiði á kirkjunni. 5. Tók Þorgrímur til verka. 6. Byrjaði Jonni að hefla kirkjuborð. 7. Kom Sigurbjörn í Hólum, verður hjer að hefla bord og fleira. Kom um kvöldið Páll á Þverá, verður hjer við kirkjusmiði. 21. Gólfid komið i kirkjuna. Þorgrímur einlægt að búa undir hvelfinguna, búinn með spjöldin. Sigurbjörn hjer, hefla og plægja. 31. lokið við hvelfinguna, loftið og turnloftið. Þorgrímur verið við hvelfinguna í 22 daga, P. 3 d. Jonni 6 daga. 6. Lauk Þorgrímur við hvelfinguna.

Júní 1879. 28. Benedikt á Auðnum málædi hvelfinguna í kirkjunni þessa viku 3ar sinnum.

Júlí 1879. 12. Árni, nú í Rauðuskriðu, var hjá mjer 2 daga að smiða járn í kirkjuklukku (festa hana á ás). 13. Komu þeir Snorri og Jón að utan með sement á 2 hestum, bord á 1, blautfisk á 1 hesti. 16. Lauk Jakob við að hvítta innan kirkjuna. 19. Jakob nú 3 daga verið að sementa norðurhlíð kirkjunnar. Lauk Þorgrímur við pré dikunarstól og altarið.

Júlí 1878. 26. Kom Jón Eyjólfsson, verður um tíma að smiða kirkjuna, með Þorgrími og Jóni. Jón minn einlægt við smiði í kirkjunni, er nú flest búið nema sætin, sem farið er að efna í og hefla. Þorgrímur verið við grátuhringinn og er nú næstum búinn með hann.

Ágúst 1879. 1. Peir sömu við kirkjusmiðið, búið að setja saman 3 sæti og búa hin flest undir. 12. Byrjað að mála. Þorgrímur að smiða lausa bekki. Þorgrímur loks búinn klára kirkjusmiðið, að því hægt er, hefur unnið að því 84 daga. Hallgrímur að mála. 23. Hallgrímur að mála kirkjuna og er langt kominn. 31. Í gær sementeraði Jakob suðurhlíð kirkjunnar sem eftir var að mestu leytti, því sement vantaði, fíekk jeg 1 skeffu af því hjá Pjetri í Reykjahlíð, var þó slæmt. Fór Jakob í dag hjeðan alfarinn og kona hans og barn, sem hjer voru þessa viku í gustukaskyni. Þau eiga nú heimili í Fagranesi en ekkert til að lifa af.

September 1879. 3. Verið ýmislegt að gera við kirkjuna, fernísera seti, mála lúkur og margt fleira. 7. Gott og bjart veður en frost í nótt. Var messað hjer og vígð kirkjan. Var hjer mesti fjöldi affólkis úr öllum áttum, menn hafa verið frá 220-250 alls, komst flest inn. Sagðist presti ágætlega. Töfðu hjer nokkrir fram á kvöld, nefnilega prófastur, Guðjónsen í Húsavík og þjónar hans og þáðu góðgerðir, mat og vín. Öðru fólk gefið kaffi og brauð, það sem hægt var yfir að komast, þó margir yrðu eftir.<sup>28</sup>

### Kirkjan fullsmiðuð

Þann 3. janúar 1880 var kirkjunni lýst í vísitasíubók prófasts:

Kirkja þessi er byggð úr höggnu móbergi og límd með kalki. Hún er að innanmáli  $12\frac{1}{3}$  alin á lengd og  $8\frac{1}{4}$  alin á breidd. Þykkt veggjanna er 18 þumlungar og hæð þeirra frá gólfí upp að hvelfingu  $4\frac{3}{4}$  alin en að utan af fæti og upp undir þakbrún  $4\frac{1}{2}$  alin. Undir öllum veggjum er grunnmár,  $3\frac{1}{2}$  alin á hæð, og rúmlega  $2\frac{1}{2}$  alin á þykkt, og er hann jafn við jörð en þar á er mýraður  $\frac{3}{4}$  álnar hár fótur undir veggina sem er nálægt 6 þumlungum þykkti en veggirnir. Veggirnir eru kalkaðir hvítir að innan en dregið á þá sement að utan. Á kirkjunni eru 7 gluggar af járni steyptir, þar af eru 2 á hvorri hlið, einn á austurstafni og 2 á vesturstafni. Hliðargluggarnir eru 2 álnir, 14 þumlungar á hæð og  $1\frac{1}{2}$  alin á breidd, bogamyndaðir að ofan og 26 rúður í hverjum. Glugginn á austurstafninum er bringmyndaður og er upp undir hvelfingunni, og annar eins andspænis honum á vesturstafni, hvor þeirra er 1 alin í þvermál, með 17 rúðum. Hinn sjöundi glugginn er yfir dyrum, bogamyndaður, með 10 rúðum. Á hverjum hliðarglugga eru 2 rúður, sem opna má, og hinir bringmynduðu stafngluggar eru á hjörum.

Pak kirkjunnar er af timbri og klætt utan með pappi. Austurstafninn er sneiddur lítið eitt að ofanverðu og hvítur kross af timbri settur þar er mætast mænirinn og sneiðingin. Á vesturstafninum er turn af timbri og klæddur utan með pappi. Hann er að innanmáli  $2\frac{3}{4}$  álnar á hvern veg og  $4\frac{3}{4}$  álnar á hæð af turnlofti, sem er 2 álnir, 22 þumlunga fyrir ofan aðalloftið og er því öll hæðin frá jörð upp á turnmæni 12 álnir, 16 þumlungar. Framan á turninum er ferhyrndur gluggi, með 12 tígulmynduðum rúðum

en að norðan og sunnan eru hlerar á hjörum, er opna má. Upp úr toppi turnsins, sem er að dreginn á fjóra vegu, er stöng með þrem húnunum og veðurvita. Í turninum er búið um 2 klukkur á rambhöldum.

Í kirkjunni er blálituð spjaldahvelfing með 240 spjöldum og nær hún fram að loftinu, sem er í 2½ alin af lengd kirkjunnar. Neðan undir hvelfingunni er gulur listi með strikum. Hæðin frá gólfí upp í miðja hvelfinguna er 6½ alin en af gólfí undir loftið 4½ alin. Í norðvesturhorni kirkjunnar er undinn eikarlitaður stigi með mahonílituðu handriði er hvílir á gullituðum renndum pilum. Umhverfis uppgönguna á loftinu er samskonar rið og sömuleiðis á loftsbriúnni, er inn í kirkjuna veit. Í kirkjunni eru fastir þverbekkir 13, að norðan 7 en að sunnan 6, og þess utan umhverfis í kórnum. Þar eru og 2 lausir setubekkir og einn á loftinu. Bekkir allir eru með bakslám og festir við langslár meðfram múnnum eru hnnotutrésletaðir og dregin á gljákvoða.

Altari og prédikunarstóll er hvort tveggja nýtt og mjög vandað og margbrotið smiði sem ekki verður lýst svo skiljanlegt sé með fáum orðum. Altarið er ferhyrnt en prédikunarstóllinn sexstrendur með hurð fyrir á hjörum. Hvort tveggja að sumu leyti marmaralituð en að sumu leyti með stældum viðarlítum og broncelituðum og svörtum þverböndum. Prédikunarstóllinn, er stendur þar sem mætist kór og framkirkja að sunnanverðu, hvílir á sexstrendum fæti og eru upp í hann 3 tröppur marmaralitaðar með 3 gulum pilum á bak við. Gráðurnar eru bringmyndaðar, með 21 gullituðum renndum pilum. Sláin að ofan er mahognílituð, pallurinn marmaralitaður og knéskörin grænlituð með gulri brúin.

Fyrir kirkjunni er vængjaburð eikarmáluð að innan en hvít að utan. Upp með dyrunum


utanverðum eru súlur sem standa undir úthleyptum steinboga yfir dyrunum. Til eru smiðaðar 240 fimmhyrndar stjörnur sem eiga að litast gular og setjast á hvelfinguna. Altaristafla ný er þöntuð en aðeins ókomin.

Allur frágangur á kirkjunni, bæði hvað múnverk og timbursmiði snertir, er hinn vandadasti og verkið prýdilega af hendi leyst.<sup>29</sup>

Kirkjan kostaði fullsmíðuð 3422 krónur. Byggingarefnið kostaði 1436,24 krónur. Vinna steinsmiða og verkamanna kostaði 707 kr., vinna trésmiða 413,75 kr. og vinna heimamanna kostaði 176,75 kr. Samanlögð vinnulaun voru 1297,5 kr. Fæðiskostnaður var 714 kr.<sup>30</sup>


Jakob Frímann Brynjólfsson (1840-1907)<sup>31</sup> annaðist steinsmiðina og fékk greiddar 377 krónur fyrir alla sína vinnu. Þorgrímur Jónsson frá Gilsá var yfirsmiður á tré og fékk greiddar 277,50 kr. fyrir vinnu sína en næsti smiður honum að vinnuframlagi var Baldvin Sigurðsson sem fékk 172,50 kr. að launum.<sup>32</sup>


Grjót til byggingarinnar var tekið úr svokölluðum Hólaklöppum í heiðarhlíðinni austan Laxár og nokkru sunnar í dalnum. Þar voru teknir lausir steinar og einnig var grjót sprengt úr klettum með púðri. Steinunum var velt nokkuð niður eftir hlíðinni. Við brekkuræturnar má enn sjá mikið af grjótmulningi svo þar hafa steinarnir líklega verið höggnir eitthvað til áður en þeir voru settir á sleða og dregnir að vetrarlagi á ís yfir Laxá og í hlað á Pverá. Eftir dagbókarfærslum Jóns að dæma hefur reyndar umtalsverður hluti grjótsins verið fluttur á hestum að sumarlagi. Á kirkjuhlaðinu voru steinarnir fullhöggnir til í reglulega lögum áður en þeim var hlaðið í veggi.



3. Grunnmynd og langskurður Þverárkirkju í mkv. 1:100. Arkitektanemar mældu og teiknuðu, kennari Poul Nedergaard Jensen. – *Plan and longitudinal section of Þverá Church to a scale of 1:100. Survey and plans by architectural students. Tutor Poul Nedergaard Jensen.*

4. Stafnar og suðurhlíð í mkv. 1:100. Arkitektanemar mældu og teiknuðu, kennari Poul Nedergaard Jensen. – *End and south elevations to a scale of 1:100. Survey and plans by architectural students. Tutor Poul Nedergaard Jensen.*





5. Þverskurður í mkv. 1:75. Arkitektanemar mældu og teiknuðu, kennari Poul Nedergaard Jensen. – *Cross-section to a scale of 1:75. Survey and plans by architectural students. Tutor Poul Nedergaard Jensen.*

Móberg er mjúk bergtegund sem myndast úr ösku og lausum gosefnum og líkist að nokkru leyti sandsteini. Þegar gosefni af þessu tagi liggja lengi undir miklu fargi og í hita ummyndast þau og renna saman í berg. Þetta breytingarferli kallast á jarðfræðimáli *palagonisation*.<sup>33</sup> Móberg er hlutfallslega létt og mun auðveldara er að höggva það til en flestar aðrar tegundir bergs.


Gulmáluðu tréstjörnurnar, sem nefndar eru í lýsingu prófasts, voru settar á hvelfinguna skömmu eftir að kirkjan hafði verið tekin í notkun.

Söfnuðurinn og kirkjubóni höfðu af ráðið að hlaða vegg umhverfis kirkjugarðinn úr sams konar móbergi og notað var í kirkjuna. Afgangsgrjót var notað en auk þess var dregið að mikið af grjóti til viðbótar. Nokkur bið varð á því að ráðist yrði í steinsmiði og hleðslu. Þegar Hallgrímur Sveinsson biskup

heimsótti Þverá árið 1892 fer hann lofsamlegum orðum um kirkjuna en endar lýsingu sína á aðfinnslu um kirkjugarðinn:

*Í kringum kirkjugarðinn er verið að hlaða steingirðingu úr höggnum steini en vantar enn mikið á að verkið sé fullgjört og engin grind er í hliði. Biskupinn áminnti um að verkið yrði fullgjört sem fyrst.*<sup>34</sup>

Fljótlega eftir að kirkjan var fullbyggð tók að bera á þakleka og tjörupappi reyndist ekki vel. Tjörupappi tók að berast hingað til lands skömmu eftir 1840. Smiðir höfðu í fyrstunni tröllatrú á honum sem góðu þakefni og var hann víða notaður bæði á nýbyggingar og til að endurbæta lek timburþök. Þakpappi þessa tíma var öðruvísi en síðar varð. Um var að ræða allþykkan pappa úr trjákvoðu sem var gegndreyptur í tjöru.



6. Þverskurðir í m.kv. 1:75. Arkitektanemar mældu og teiknuðu, kennari Poul Nedergaard Jensen. – *Cross-sections to a scale of 1:75. Survey and plans by architectural students. Tutor Poul Nedergaard Jensen.*

Pappinn var lagður með skörun og þétt-negldur meðfram jöðrum með pappasaumi. Vatnsheldur var pappinn því aðeins að hann væri tjöruborinn reglulega og oft var sandi stráð yfir nýtjargaðan pappann til þess að draga úr áhrifum sólarhitans.

Þegar svo var komið að illa gekk að halda þakinu á Þverárkirkju vatnsheldu þrátt fyrir síendurtekinn tjöruburð var gripið til þess að sementskústa þakið á sama hátt og gert hafði verið við veggi kirkjunnar. Þetta gaf ekki heldur góða raun og árið 1897 lagði prófastur það til við kirkjubóna að setja bárujárnsþak á kirkjuna og taldi hann það ekki myndu verða mjög kostnaðarsamt.<sup>35</sup> Ekki varð þó af því í bráð og ekki bólaði enn á því að kirkjugarðsveggurinn væri hlaðinn úr því grjóti sem dregið hafði verið að.

Í hvert sinn næstu ár sem prófastur vísiteraði hældi hann kirkjunni en nefnir þrálátan

þaklekann og mælir með bárujárnsþaki. Hann kvartar ávallt undan aðgerðarleysi við kirkjugarðsvegginn. Á þessu gekk fram til 1905 en þá var bárujárn sett á þakið.<sup>36</sup> Árið 1908 segir prófastur:

*Kirkjan kemur fyrir eins og áður í ágætu standi, og hefur enn ekki borið á neinum leka síðan járnþakið var lagt á hana. En eins og áður hefur verið getið þá voru þegar nokkrar skemmdir orðnar af þeim leka, einkum að sunnan á bitanum undir loftinu og bitanum undir hvelfingunni. Sementshúðin að utan er á stöku stað farin að brotna en lítil brögð eru að því enn. Að öðru leyti er kirkjan vel hirt og kemur mjög vel fyrir. ...*

*Við kirkjugarðinn hefur ekkert verið gjört síðan síðast var vísiterað og áminnist sóknarnefndin enn um að sjá um að hann verði hlaðinn upp sem allra fyrst.<sup>37</sup>*

Priðjudaginn 20. ágúst 1912 var Þórhallur biskup Bjarnarson staddur að Þverá á yfirreið og segir:

*Kirkjan er hin ásjálegasta og einkar vel hirt, kirkja nú vel varin síðan járnþakið kom á. Altaristafla eftir Arngrím Gíslason. Mikið talað um afhending kirkjunnar og horfur safnaðarins að standast kostnað á viðhaldi hennar og endurbót kirkjugarðs. Kirkjueigandi tjáir sig fusan að láta kirkjuna í hendur skuldlausa og álagslausa. Biskup kvað söfnuðinum til reiðu það lán, sem söfnuðurinn má við til nauðsynlegra umbóta. Kirkjan er enn ofnlaus.<sup>38</sup>*

Þaklekkinn og leki frá turninum hafði valdið verulegum fúaskemmdum í bita undir kirkjuloftinu sem austurhlið turnsins hvíldi á. Um 1914 hafði þessi biti verið endurnýjaður og stoðir voru settar undir enda nýja bitans út við hliðarveggina. Þessi nýi biti og stoðirnar undir honum voru málud árið 1918 og þá var kirkjuþakið og turninn einnig málað auk dyra-umbúnaðar og ýmiss frágangs innandyra.<sup>39</sup>

Ár 1921 var biskupinn, Jón Helgason, staddur að Þverá á yfirreið um Suður-Þingeyjarprófastsdæmi. Hann var greinilega ánægður með kirkjuna og segir hana vera „hið snotrasta kirkjuhús.“ Hann hefur orð á því að enginn ofn sé í kirkjunni og telur nauðsynlegt að úr því verði bætt. Í hinni skriflegu lýsingu á því sem fram fór segir biskup um viðbrögð Snorra Jónssonar: „Kirkjubóndi tók stutt í það.“<sup>40</sup>

Árið 1939 hafði kirkjunni hrakað nokkuð og var þá lagt á ráðin um að taka hana í gegn, lagfæra margvíslega minni háttar ágalla, svo sem á múrhúð og málningu bæði innan dyra og utan.<sup>41</sup> Þetta kom þó ekki til framkvæmda fyrr

en allmögum árum seinna vegna síðari heimsstyrjaldarinnar. Verðlag á efni og vinnu hækkaði mikið og torvelt var að fá byggingarefnii.

Sumurin 1957 og 1958 var loks ráðist í margvíslegar lagfæringar til að kirkjan yrði sem fallegust á 80 ára afmæli hennar. Áskell Jónasson (f. 1938), sem nú (2012) býr á Þverá og er sonarsonarsonur Jóns Jóakimssonar, annaðist verkið ásamt Benedikt Jónssyni sem einnig var langabarn Jóns, dóttursonur Benedikts á Auðnum. Þann 24. ágúst 1958 var afmæli kirkjunnar haldið hátíðlegt og viðgerðinni sem hún hafði hlutið lýst þannig:

*Að utan var kirkjan breinsuð öll (t.d. af mosa-gróðri) og síðan hvítmáluð. Pak (einnig turnþak) rauðmálað. Gert við vindhana á turni (með byggingarártali kirkjunnar). Að innan var gert við skellur, sem dottnar voru á múnverk kirkjunnar kringum glugga og við gólf. Var það allvandasamt verk því að kirkjan er byggð úr sandsteini og límd kalki. Gluggagrindur (úr járni) voru breinsaðar og málaðar ryðvarnar-málningu, sprungnar rúður og brotnar endurnýjaðar og lituð gler sett í glugga yfir altari. Kirkjan og fastir munir hennar voru málud í hinum upprunalegu litum svo nákvæmlega sem unnt var. Verka varð alla gamla málningu af bekkjum, pré dikunarstóli (nema spjöldum), grátum og altaristöflu-umgerð. Bekkjaseturnar voru málaðar rauðbrúnar en bekkir að öðru leyti rauðbrúnir. Spjöld öll á pré dikunarstóli og altari héldu upprunalegri málningu. Stjörnur voru teknar niður af hvelfingu og gulmálaðar, hvelfingin síðan blámáluð. Altaristöflu umgerð blá með brúnum og gylltum listum. Kirkjusvalir hvítar sem megin kirkjan. Gólf grátt. Settar voru nýjar súlur, steinsteyptar, hvor sínu megin við kirkjudyr.*

*Pannig er Þverárkirkja nú að sjá sem ný, utan og innan, og öll hin vistlegasta.<sup>42</sup>*

Árið 1962 heimsótti Sigurbjörn Einarsson biskup Íslands Þverárkirkju og þá var þess getið að kirkjan væri hituð með steinolíu-ofni.<sup>43</sup>

Fyrir 100 ára afmæli kirkjunnar 1978 var hún öll máluð að utan og veggir voru einnig málaðir að innan. Kvenfélag Laxdæla kostaði bólstrun kirkjubekkjanna. Árið 1994 var kirkjan aftur máluð að utan, bæði veggir og þak.

Árið 2011 var ráðist í mjög viðamiklar endurbætur á þaki Þverárkirkju. Þær fúaskemmdir, sem þaklekinn hafði valdið á fyrstu áratugum kirkjunnar, höfðu aldrei verið lagfærðar. Eftir að bárujárnsþakið kom á þéttist loftraki neðan á járninu við vissar aðstæður sem olli fúa í sperrum og þaksúð. Allar þaksperrur voru nú endurnýjaðar og öll klæðning bæði á þaki og turni. Afráðið var að setja á ný þakpappa bæði á turninn allan og kirkjuþakið í stað bárujárnsins. Um er að ræða nútíma þakpappa sem skaraður er og bræddur saman á jöðrum. Pappinn var lagður á sama hátt og upphaflega, upp og niður eftir þakinu. Að auki voru þakrennar settar við þakskegg til þess að draga úr vatnsskemmdum á veggjum vegna regns.

Stefán Óskarsson trésmiður á Rein annaðist verkið í samráði við Húsafriðunarnefnd og Áskel Jónasson kirkjubóna á Þverá.<sup>44</sup>

## Lýsing kirkjunnar

### *Ytri gerð*

Kirkjan er gerð úr tilhöggnu móbergi. Hún er undir einu formi, ferhyrnd að grunnfleti,

6,17 m að breidd og 8,67 m á lengd að utanmáli. Undirstöður hennar eru hraungrýtishleðsla sem grafin er djúpt í jörðu og sér móta fyrir efstu steinaröðinni sem nær nokkuð út fyrir veggi kirkjunnar, mismikið eftir hliðum hennar, að sunnanverðu um 30 cm, að austan og vestan um 10 cm en að norðan um 20 cm.

Útveggir kirkjunnar eru um 50 cm þykkir en neðsta steinaröðin er þó 5 cm þykkari og myndar þannig sökkulstall sem er í 30-50 cm hæð frá undirstöðum, hækkar til austurs vegna landhalla. Utan á veggjunum er þunn múrhúð máluð með snjósementi, neðan sökkulstalls er hún grá en veggirnir hvítir ofan hans. Sér móta fyrir steinhleðslunni í gegnum mýrinn. Steinarnir fara minnkandi eftir því sem ofar dregur. Neðsta steinaröðin er um 45 cm á hæð, sú næsta um 35 cm, þá 30 cm, 25 cm og 20 cm. Veggirnir eru 2,7 m á hæð mælt frá sökkulstalli að neðri brún á lítið eitt íbjúgri mýrkrónu undir þakskeggini. Vegghæð á göflum mælt frá sökkulstalli upp undir lárétt bord við gaflsneiðingu er 4,02 m. Yfir kirkjunni er mænisþak, klætt asfaltpappa, með hálfvalma á austurgaffli og hvítur trékross þar sem mætast mænir og valmi. Yfir vesturgaffli er ferstrendur turn með topplaga þaki. Bæði veggir og þak hans eru klædd asfaltpappa. Þakfletirnir eru allir lítillega íbjúgir. Á toppi turnþaksins er áttstrendur tréhnúður og upp úr honum allhá tréstöng, áttstrend. Efst á henni er trékúla og ofan á henni leikur vindhani úr málmspjaldi með gegnumskornu ártalinu 1878. Á vesturhlið turnsins er trégluggi með gluggafaldi allt um kring. Í honum er gluggarammi með skásettum sprossum sem mynda tígullaga rúður. Á norður- og suðurhliðum turnsins eru tréhlerar á lömum, hvor þeirra með tveimur



7. Þverárkirkja sumarið 2012. Kirkjan er hlaðin úr tilhöggnu móbergi, reist á árunum 1878-1879. Kirkjuþakið var upphaflega lagt þakpappa en árið 1905 var það járnvarið. Árið 2011 var settur þakpappi á turn og kirkjuþak eins og verið hafði í öndverðu. Handan kirkjunnar sér í gamla bæinn á Þverá. – *Pverá Church, summer 2012.*

*The church was built in 1878-9 of blocks of cut hyaloclastite. The roof, originally covered in asphalt felt, was fitted in corrugated iron in 1905. In 2011 the tower and roof were once again covered with asphalt felt, as they were originally. Beyond the church is the old turf farmhouse.*

spjöldum. Á kirkjugöflum eru breiðar vind-skeiðar með sveigskornum endum.

Á hvorri langhlið kirkjunnar eru tveir stórir steypujárnsgluggar með rómönskum boga efst. Í þeim eru trapisulaga sprossar sem skipta neðri hluta hvers glugga í 16 ferhyrndar rúður, 4 rúður á breiddina og fjórar á hæðina. Efst eru sprossarnir sveiglaga og mynda odd-bogarúður. Gamalt, óslétt gler er í gluggum. Ofarlega á báðum göflum eru kringlóttir gluggar úr steypujární sem skiptast með sprossum í fjórar kringlóttar rúður sem um-luktar eru hrинглага sprossa sem er sammiðja glugganum. Í vesturglugganum er tært gler

en í austurglugganum eru fjórar bláar rúður og ein rauð auk glers með hamraðri áferð.

Dyr eru á miðjum vesturgaffli með vængjahurðum fyrir. Hvor þeirra er með fimm spjöldum sem eru toppmynduð að utanverðu en slétt að innanverðu með fláa um-hverfis. Að utan eru hurðirnar hvítmálaðar en að innan oðraðar í eikarlíki. Framan við kirkjudyrnar er stór móbergshella sem sléttuð hefur verið með múrhúð að ofan. Til beggja handa við dyrnar eru hálfssúlur sem mótaðar eru í mún, helmingur af reglulegum átt-strendingi að lögun, gráar á lit, með súlfæti og höfði. Yfir dyrum er hálfhringlaga gluggi



8. Kirkjugluggarnir eru úr steypujárni, þeir eru í hringbogastíl en efst sveigjast gluggasprotarnir í oddboga. – *The windows are round-arched, of cast-iron. At the top of the windows the glazing bars form pointed arches.*


úr steypujárni sem gerður er eins og efri hluti glugga langhliðanna. Umhverfis hann er upphleyptur faldur úr mür, sem sjónrænt hvílir á dyrasúlunum. Faldur og súlur eru grá á lit eins og sökkull kirkjunnar og sami grái liturinn er umhverfis glugga, frá mürbrún að karmi.

### *Innri gerð*

Innri skipan er hefðbundin með miðjugangi milli kirkjudyra og altaris fyrir austurgafl og

bekkjum til beggja handa. Einn biti er yfir kirkjuna þvera 1,33 m innan við vesturgafl, hvítur á lit. Undir báðum endum hans eru ferstrendar stoðir, hvítmálaðar, fast upp við langveggina. Efst á þeim er súluhöfuð sem myndað er af íhvolfum og íbjúgum listum og skammt neðan þeirra eru súlurnar prýddar láréttum listum. Neðan við listana eru flatsúlurnar sneiddar á þeim hornum sem inn snúa. Ofan á bitanum hvílir kirkjuloft og stigi þangað upp er í norðvesturhorni kirkjunnar. Gengið er upp stigann fjögur þrep til vesturs, upp á pall, og þaðan til suðurs átta þrep upp á kirkjuloftið. Stiginn er gerður úr kjálkum til beggja hliða sem þrep og tábord eru felld í. Ofan í kjálkana eru felldir renndir pílárar sem standa undir handlista. Stigabakið er klætt átta sléttum spjöldum með fláa umhverfis sem greypt eru í ramma.

Norðan við miðjuganginn eru sjö bekkir en þrír þeir fremstu eru ekki nema um  $\frac{2}{3}$  hlutar af fullri lengd vegna stigans. Að sunnan eru fimm bekkir í fullri lengd. Í stað sjötta bekkjarins er pré dikunarstóll. Innan við hann er einn stuttur bekkur og milli hans og veggjarins er uppganga til pré dikunarstólsins. Bekkirnir eru með stólbrúðum á báðum endum. Þær eru með sveiglaga formi og á milli þeirra er bólstruð setfjöl og hallandi bakslá. Undir hverjum bekk miðjum er stakur fótur. Í kórnum eru fastir bekkir með langveggjum og gaflvegg inn að altari. Peir eru með bakslá, stólbrúðum við altari og innan við uppgöngu til pré dikunarstólsins, auk þess sem smíðinni fylgja randskornar fjalir í báðum innhornum kórsins. Sunnan megin í kórnum eru tveir lausir bekkir með bakslám. Norðan megin í kórnum stendur orgelharmóníum en að sunnanverðu pré dikunarstóll eins og fyrr segir.



9. Séð inn kirkju. Veggirnir eru múrhúðaðir og málaðir hvítir. Yfir kirkju og kór er stjörnusett, himinblá reitahvelfing og undir henni gulmáluð strikasylla. Innréttigar eru jafngamlar kirkjunni. – *View towards chancel. The walls are plastered and painted white. Over the nave and chancel is a sky-blue starred coffered vault, and beneath it a yellow moulding. The fittings are contemporary with the church.*

Prédikunarstóllinn er reglulegur sexhyrningur að lögun og stendur á sexstrendum fæti. Allar hliðar hans eru eins gerðar en ein þeirra, sem snýr til suðurs að útveggnum, er hurð á lömum. Milli prédikunarstóls og veggjar er pallur og þrjú þrep upp á hann úr kórnum. Á vesturjaðri pallsins er handrið með þremur renndum pilárum og handlista. Prédikunarstóllinn er þrískiptur á hæðina með bríkum og gylltum, strikuðum listum og á öllum hornum hans eru lóðréttar flatsúlur. Grunnlitur prédikunarstólsins er rauðbrúnn. Um miðbikið er slétt spjald með hálfhringlaga formi efst. Umhverfis neðri hluta þess er strikaður listi, málaður með grænum marmaralit. Spjaldið sjálft er málað

í bláleitum marmaralit. Ofan við það er upphleypt gulleitt spjald sem markar hálfhringlaga form spjaldsins. Efst og neðst á hverri hlið prédikunarstólsins eru minni ferhyrnd spjöld með bláleitri marmaramálningu sem þó er gjörólík málningu miðuspjaldanna. Fóturinn undir prédikunarstólnum er settur úthleyptum kransi um miðjuna sem gerður er úr allstórum kúptum lista með grönum kverklistum undir og yfir. Neðst er fóturinn gerður víðari með efnismiklum listum, bæði kverklista og kúptum lista með reglulegum ferstrendum listum á milli.

Altarið er skápur með sama smíðalagi og prédikunarstóllinn. Það stendur á palli sem er hálfhringlaga að framanverðu með kné-



10. Séð fram kirkju. Fremst í kirkjunni er lítið setuloft og yfir því þiljað neðan á sperrur. – *View towards entrance. Over the front of the church is a small gallery, with a panelled ceiling.*

falli og gráðum. Altarið er ferhyrnt að grunnlögun, borðplatan 1,22 m að lengd og 70 cm á breidd. Á framhlið þess eru tvær hurðir með sömu spjaldsetningu og prédikunarstóllinn. Spjöldin eru máluð í grábrúnum marmaralit en að öðru leyti er altarið að mestu málað eða oðrað í gulbrúnum litum sem ef til vill eiga að minna á ljósa eik. Knéfallið er fóðrað með grænu flaueli. Gráðurnar eru með gulbrúnum, renndum pílárum og rauðbrúnum handlista. Yfir altarinu er altaristafla, málverk eftir Arngrím Gíslason. Það er fellt inn í blá-málaðan, nokkuð viðamikinn ramma með súlulíki á báðum jöðrum og burst yfir með krossi ofaná. Umhverfis málverkið er gylltur listi. Framan á burstinni yfir málverkinu er upphleyptur hringur, gulur á lit, og inni í honum gotneskt þrílauf.

Timburgólf er í kirkjunni úr 20 cm breiðum, grámáluðum, nótuðum borðum sem skeytt eru á lengdina á gólfbita sem er á milli tveggja innstu kirkjubekkjanna.

Kirkjuveggirnir eru með þunnri múrhúð og hvítalkaðir að innan. Allvíða hefur múrhúðin fallið af og rakaskemmdir eru neðst í veggjum. Gluggaopin eru með sneiddum brúnum nema að neðan. Úr gluggakistum eru kringlótt göt út í gegnum veggina til að veita burt þettingarvatni.

Yfir allri kirkjunni fram að kirkjuloftinu er hvelfing úr smágerðum spjöldum. Fimm-tán spjöld eru þvert yfir en sextán á lengdina. Spjöldin eru ferstrend með fláa umhverfis og upphleyptri fimmarma stjörnu í miðju. Spjaldaloftið er himinblátt á lit en stjörnurnar gular. Á móturnum veggja og hvelfingar er

strikasylla sem gerð er úr hvelfdum og íbjúgum listum, gul á lit. Á mótaum hvelfingar og gaflveggjar er slétt borðfjöl neðan á hvelfinguunni, máluð í sama gula lit.

Opið er frá kirkjuloftinu inn í kirkjuskipið. Á loftsbúninni standa tvær ferstrendar stoðir sem ná milli hvelfingar og loftbitans en ofan á þeim hvílir eystri hluti kirkjuturnsins. Á brúninni milli stoðanna og út frá þeim báðum megin er handlisti með renndum pílárum undir. Þar yfir er hvelfingin brydduð gulmálaðri fjöl eins og við kórgaflinn. Á kirkjuloftinu er einn laus kirkjubekkur. Þar uppi er rafmagnstafla kirkjunnar innan á vesturgaflinum, sunnan við kringlótta gluggann. Yfir kirkjuloftinu er spjaldaklæðning neðan á sperrum en yfir því miðju er lárétt borðaklæðning með hlera í og við hann brattur stigi til turnsins. Niður úr loftinu eru klukknabönd en uppi í turninum eru tvær kirkjuklukkur á ramböldum. Turninn er án innri klæðningar og sér þar í burðarviði veggja og þaks og ytri klæðningu turnveggjanna.

Raflagnir eru innan á veggjum. Rafmangsinntak er við flatsúlu á suðurvegg og þaðan liggar gildur kapall í rafmangstöflu uppi á kirkjuloftinu. Í kórnum eru sívalir rafmagns-ofnar neðst á langveggjum, undir bekkjum. Framar eru svo tveir flatir þilofnar hvorum megin og raftenglar eru undir bekkjum.

## Byggingarlist kirkjunnar

Ekki hafa fundist heimildir sem hægt er að byggja á trausta vitneskju um hver skuli teljast höfundur Þverárkirkju. Jón Jóakimsson kirkjubóndi var lærður smiður og reyndur og þar sem hann taldist eigandi kirkjunnar hlýtur hann að hafa haft seinasta orðið um flestar

ákvarðanir um gerð hennar. Allar veggahleðslur í Þverárbænum, sem Jón lét gera á árunum 1849-1860, voru úr hraungrýti sem nóg er af í næsta nágrenni bæjarins. Kirkjan er hins vegar byggð á nýstárlegan hátt, efnið flutt að um langan veg, yfir ána, og hver steinn höggvinn í reglulega lögum. Þetta var ný aðferð og nýstárleg vinnubrögð um þessar slóðir og því liggur beinast við að ætla að þetta sé runnið undan rifjum aðkomumanns sem hafði reynslu af steinsmíði.

Jakob Frímann Brynjólfsson steinsmiður var fenginn til þess að annast steinsmíðina.

Hann lærði steinsmíðaiðn í Reykjavík, líklega hjá Sverri Runólffssyni (1831-1879), og var aðstoðarmaður hans við byggingu Þingeyrakirkju sem hófst 1864. Sverrir hafði lært steinsmíði í Danmörku og varð fljótega nokkuð ágengt í því að fá Íslendinga til að byggja steinhús. Þingeyrakirkja er eina mannvirki Sverris sem enn stendur. Hún er gerð úr blágrýti sem flutt var að langa leið yfir ísilaðt Hópið og þaðan á kerrum eftir veki sem lagður hafði verið í þessu skyni að byggingarstaðnum.<sup>45</sup> Sverrir gerði vandaðar teikningar að kirkjunni enda hafði hann lært að hanna og teikna mannvirki í námsdvöl sinni í Kaupmannahöfn. Líklegt má telja að Jakob hafi notið alhliða leiðsagnar hjá Sverri og þar með einnig lært undirstöðuatriði í gerð uppdráttu.

Þau steinhús sem hlaðin voru á 18. öld voru yfirleitt gerð úr basalti. Viðeyjarstofa er þó undantekning og ef til vill Landakirkja eins og fyrr segir. Þau hús, sem kunnugt er um að Sverrir Runólffsson hafi hlaðið, voru ýmist úr tilhöggnu grágrýti, lítt höggnu blágrýti eða basalthraunhellum. Um þær mundir, sem Sverrir kom aftur til Íslands að lokinni dvöl sinni í Danmörku, voru steinhlaðin hús yfir-

leitt talin of dýr í byggingu og alls ekki samkeppnishæf við timburhús að því leyti. Sverrir kom hins vegar auga á hvernig gera mætti steinhúsin ódýrari. Víða á landinu hafa basalthraun storknað þannig að bergið verður lagskipt og hægt að ná úr því hleðslugrjóti sem hefur two samsíða og hæfilega sléttu fleti og er þar að auki nokkurn veginn jafnþykkt. Sverri tókst að sýna fram á að úr slíku grjóti væri hægt að byggja mun ódýrari steinhús en áður þekktust enda þurfti mun minna að höggva það til.

Sverrir var með öðrum orðum frumkvöðull í steinhúsagerð og vel menntaður í fagi sínu. Hjá honum fékk Jakob Frímann starfsþjálfun og víst er að lærðómsríkt hefur það verið að vinna með Sverri að smíði Þingeyrakirkju. Ekki er hins vegar vitað til þess að Sverrir hafi hlaðið veggi úr móbergi. Leiðir þeirra Sverris virðast hafa skilið áður en Þingeyrakirkja var fullbyggð og Jakob fór norður að Mývatni til þess að byggja þar nýja kirkju í Reykjahlíð sem vígð var árið 1876. Henni var lýst nýbyggðri þann 5. október það ár:

*Var þar þá búið að byggja nýja kirkju í stað hinnar gömlu. En veggir hennar og gaflar hlaðnir úr höggnu hraungrjóti og límdir með hveraleir. Að innan eru þeir sléttadir með kalki en utan með sementi. Fyrir ofan stétt eru veggirnir 1 alin að þykkt. Kirkjan er að innan máli 12 álnir, 15 þumlungar á lengd, á breidd 7 álnir, 17½ þumlungur en á hæð frá gólf að sperruhæl 4 álnir, 18 þumlungar. Höggvið steingólf er í kirkjunni en þak af þéttlöögðum óflettum borðum yfir 8 sperrum með pappþaki yfir. ...*

*Stafnar kirkjunnar eru sneiddir að ofan.<sup>46</sup>*

Petta mun hafa verið fyrsta steinhlaðna kirkjan á þessum slóðum og markaði nokkur þáttaskil.

Hún var gerð úr hraungrjóti og að því leyti í anda Sverris Runólfssonar, en í nágrenni Reykjahlíðar eru víða hraunlög af því tagi sem Sverrir lærði að færa sér í nyt. Það var alger nýlunda við þá kirkju að veggir hennar voru límdir saman með hveraleir og að gólfíð var úr steini. Sement hafði í fyrsta sinn verið notað við byggingu steinhúsa hér á landi þegar dómkirkjan í Reykjavík var stækkuð 1847-1848, en reynslan hafði kennt mönnum að kalkmúr stóðst illa áraun slagviðra. Þótt veggir Reykjahlíðarkirkju væru límdir saman með hveraleir þá var sement notað til að fylla milli steinanna að utanverðu og veggirnir voru sléttadir með kalkmúr að innanverðu.

Árið 1879 þegar Pverárkirkja var í byggingu var Jakob Frímann talinn húsmaður í Fagranesi norðan við Vestmannsvatn.<sup>47</sup> Þótt Jakob Frímann sé hér talinn höfundur Pverárkirkju er rétt að geta þess að í dagbókarfærslum Jóns Jóakimssonar skín í gegn að honum þykir Jakob Frímann verklítill. Hann segir Jakob hafa verið að „káka“ við hleðslu og eitt sinn segir hann „hefur ekkert vik gjört þessa viku.“ Sambærileg ummæli hefur hann ekki um neinn annan þeirra sem að kirkjusmiðinni vann.

Þorgrímur Jónsson (1820-1883) frá Gilsá var yfirsmiður á tré bæði við Reykjahlíðarkirkju og Pverárkirkju. Hann lærði smíðaiðn í Danmörku og dvaldi þar lengi. Hann var yfirsmiður Eydalakirkju sem byggð var 1856, smíðaði innan um Þingeyrakirkju sem vígð var 1877<sup>48</sup> og byggði Hjaltastaðarkirkju í Hjaltastaðarþinghá árin 1880-1881 ásamt Finnboga Sigmundssyni.<sup>49</sup> Þorgrímur hefur búið að þeirri reynslu sem hann fékk í Danmörku og þekkt hefðbundnar aðferðir við smíði timburþaka á steinhús sem hafa verið framandi íslenskum smiðum.

Um það leyti sem byrjað var að vinna grjót í Þverárkirkju brann kirkjan á Lundarbrekku og ákveðið var að reisa steinhlaðna kirkju í staðinn. Bárðdælir sendu Baldvin Sigurðsson (1854-1925) til Þverár til þess að vinna að byggingu nýju kirkjunnar og læra þar steinsmíði af Jakobi. Það gekk eftir, Baldvin vann að mestu leyti við steinsmíði, steinhögg og hleðslu við Þverárkirkju. Þegar yfir lauk annaðist Baldvin steinsmíði Lundarbrekkukirkju en Jakob var þó hafður með í ráðum.

Jakob Frímann lagði grunn að skólahúsi á Hólum í Hjaltadal árið 1892, hlóð kjallara hússins og tröppur. Ekki er líklegt að hann hafi verið þar fyrir 1876 þegar hann hóf kirkjubyggingar í Mývatnssveit og Laxárdal en um það leyti var Hólastaður í fullkominni niðurníðslu og ekkert hús byggt þar um þær mundir. Hins vegar hefur hann vafalítið þekkt til Hóladómkirkju því hann var fæddur í Blöndudalshólum og bjó síðast í Tungu í Gönguskörðum.<sup>50</sup>

Næstefsti bær í Laxárdal að austanverðu er Hólar. Þar var byggt steinhús árin 1885-1890, hlaðið úr móbergi. Grjótið var tekið í Kváhvammi sem er í brekkunni 300-400 m norðan við Hólabæinn. Í dagbókum Jóns Jóakimssonar kemur fram að Kristján Sigurðsson í Hólum vann við steinhögg með Jakobi Frímanni og liggur nærrí að ætla að hann hafi verið steinsmiður Hólabæjarins. Bræðurnir Ásgeir og Hrafnkell Sigurðssynir frá Hólum hafa það fyrir satt að heimamenn á Hólum hafi sjálfir séð um byggingu hússins á sínum tíma.<sup>51</sup>

Umhugsunarefni er hvernig grjótið var flutt þessa leið frá árbakkanum í hlað á Þverá sem er um kílómetra löng. Jakob Frímann hafði kynnst því við byggingu Pingeyrakirkju að grjót var flutt á sleðum sem uxar drógu yfir

ísilagt Hópið og þaðan var það flutt á kerrum eftir 700 faðma löngum vegi sem lagður hafði verið í því skyni.<sup>52</sup> Eins og fyrr segir þá var umtalsverður hluti grjóts Þverárkirkju fluttur með hestum að sumarlagi án þess að greint sé frá því hvernig þeir flutningar fóru fram. Nánast allir vöruflutningar á landi fóru á þessum tíma fram með því móti að varningur var bundinn á klakk á hesti. Steinarnir, sem kirkjan er hlaðin úr, eru misstórir en þeir stærstu eru örugglega nokkuð á annað hundrað kíló.

Reyndar er nokkuð víst að veggirnir eru að mestu leyti gerðir þannig að innra og ytra byrði eru hlaðin hvort um sig úr tilhöggnum steinum. Sú hlið þeirra sem inn í vegginn snýr er ótilhöggin. Fyllt er á milli byrðanna með smærra, ótilhöggnu grjóti og kalkmúr. Einstaka steinar, kallaðir þversetlar, eru hins vegar stærri og látnir ná í heilu lagi þvert í gegnum vegginn til þess að binda byrðin betur saman. Í neðstu steinlögunum kunna að vera stöku steinar sem hafa ekki verið klíferatækir. Eftir því sem ofar dregur í veggjum verða steinarnir smærri. Það var ekki fyrr en nokkuð var liðið á byggingartímann sem farið var að flytja grjótið á hestum og þá hefur vafalítið verið komið að hinum smærri steinum hleðslunnar.

Á Þverá var til kerra um þessar mundir en slík verkfæri voru þá mjög fátíð. Á málverki Arngríms Gíslasonar af Þverárbænum frá 1864 getur að líta kerru á hlaðinu. Hún er með skjólborðum og kjálkum. Í dagbókum Jóns Jóakimssonar er kerrunnar getið og vafalítið hefur hún verið notuð til efnisflutninga við kirkjubygginguna.

Lögun Þverárkirkju er að ýmsu leyti eins og tiðkaðist um timburkirkjur þessa tíma. Pakhallinn er þó minni en venjulegt var um

timburkirkjur en hins vegar svipaður og á Þingeyrakirkju og af ljósmyndum af Reykjahlíðarkirkju að dæma virðist þak hennar hafa verið með líkum halla. Kórinn er hlutfallslega stórið miðað við framkirkjuna og veghæð er heldur meiri en venjulegt var í timburkirkjum af svipaðri stærð. Þó munu veggirnir vera ívið lægri en ætlunin var í upphafi og stafar það af því hve erfitt var að flytja grjótíð til kirkjunnar og eitthvað munu menn hafa vanmetið hve mikið þurfti til hennar.<sup>53</sup> Gaflsneiðingin á austurgaflinum er sérstök. Reykjahlíðarkirkja var upphaflega með sambærilegum sneiðingum á báðum göflum, enda turnlaus. Því var síðar breytt og báðir gaflarnir hækkaðir upp í mænishæð.

Þverárkirkja er einkum merkileg fyrir það að hún er steinhlaðið hús en steinkirkjur voru mjög fátíðar. Meðal steinhúsa er hún einstök vegna þess að hún er fyrsta húsið sem gert er eingöngu úr móbergi. Aðeins ein önnur móbergskirkja er þekkt, Lundabrekkukirkja sem er fáum árum yngri og að mestu byggð í sömu mynd. Sá varnagli skal þó hafður að Landakirkja kann að vera úr móbergi. Jakob Frímann Brynjólfsson hlýtur að teljast höfundur Þverárkirkju því nánast allt sem gerir hana einstaka lýtur að handverkskunnáttu hans. Timbursmíði í kirkjunni er vissulega vandað en það er allt mjög hefðbundið. Það er steinsmíði kirkjunnar sem var nýlunda á sínum tíma og veldur því að hún er einstök.

Jón Jóakimsson kirkjubóndi sýndi mjög merkilega framsýni og djörfung þegar hann réðst í byggingu steinkirkju í stað torfkirkjunnar. Nánast allir kirkjubændur landsins byggðu á þessum tíma timburhús í stað torfhúsa og auðvitað hefði að öðru jöfnu mátt búast við því að lærður trésmiður eins og hann kysi hið sama.

Hafa ber í huga að þetta var ekki ákvörðun hans eins heldur stóðu sóknarbændur nær allir að ákvörðun um að nýja kirkjan skyldi byggð úr steini. Bændurnir lögðu fram sjálfbodavinnu við að draga að grjót og byggingin var félagslegt framtak sem var undantekning frá venjubundinni kirkjusmíði þess tíma. Mjög sennilegt er að hin nýbyggða Reykjahlíðarkirkja hafi vakið áhuga bænda í Laxárdal á þessari nýstárlegu byggingaraðferð og þar sem kostnaður við byggingu hennar varð ekki meiri en timburkirkju hefur það auðveldað eftirleikinn.

Þverárkirkja hefur verið í eigu sömu fjölskyldu frá því hún var byggð. Snorri Jónsson tók við búi af föður sínum, Jónas sonur hans tók við af honum og nú býr á Þverá Áskell Jónasson, sonarsonarsonur Jóns Jóakimssonar. Eins og marka má af dagbókum Jóns Jóakimssonar og þeim húsum, sem enn standa á Þverá, var hann afar reglusamur og hneigður fyrir framkvæmdir. Sömu mannkostir hafa einkennt afkomendur hans því Þverárbændur hafa mann fram af manni haft orð á sér fyrir snyrtimennsku og fallega búskaparhætti.

Þetta háttalag mun ná til allra þátta í skapgerð þeirra, jafnt orða sem ædis. Þverárbændur eru orðlagðir fyrir gamansemi, dirfsku og frumleika í andsvörum. Þegar höfundur þessarar greinar fór fyrst að venja komur sínar í Laxárdal fyrir nokkrum áratugum sögðu eigendur Halldórsstaða honum ýmislegt um snyrtimennsku Þverárbænda og í lokin sögðu þeir: „Og þar að auki blóta þeir svo fallega.“ Meira að segja á því sviði voru þeir öðrum fremri fyrir fegurðar sakir.<sup>54</sup>

Fyrir vikið hefur mjög vel verið gengið um Þverárkirkju og henni sýndur sómi. Að mestu leyti hefur hún haldist óbreytt frá fyrstu

stund. Helstu breytingar sem orðið hafa eru þær að bárujárn var sett á þak hennar og turn um 1905. Það var fjarlægt árið 2011 og tjöru-pappi settur í staðinn, svipaður þeim sem var í upphafi. Árið 1914 var loftbiti, sem austur-hlið kirkjuturnsins hvíldi á, endurnýjaður og þá voru settar stoðir undir enda bitans og um 1958 voru tréstoðir, sem voru báðum megin við kirkjudyrnar að utanverðu, fjarlægðar og nýjar stoðir mótaðar í mún í þeirra stað.

Hér hafa verið færð rök fyrir því að Þverárkirkja sé afar merkileg bygging. Líta má á hana sem sérstakan kafla í þróun steinhúsa-gerðar hér á landi. Að auki er nauðsynlegt að líta til þess að hún er hluti af þeirri einstöku heild sem Þverá er. Torfbærinn á Þverá hefur varðveist afar vel, gerð hans er sérstök, úti-húsin eru flest uppi standandi og þeim hefur verið haldið við af sömu natni og bænum. Bæjarhúsin, kirkjan, bæjarhlaðið, kirkjugarðurinn, úti-húsin og túngarðar, allt myndar þetta mjög áhrifamikla og fallega heild.

Afar góð samvinna hefur lengi verið með eigendum Þverár og Þjóðminjasafni Íslands um að varðveita bæinn og kirkjuna eins vel og kostur er. Áskell bóndi hefur sjálfur átt að því frumkvæði og annast mikinn hluta þess starfs sem verndun Þverár hefur krafist á undanförnum áratugum.

Starfrækt er Vinafélag Þverárkirkju sem heldur úti öflugri heimasíðu. Markmið félagsins er að tryggja sem best varðveislu kirkjunnar, hefur það með margvíslegum hætti lagt Áskeli bónda lið og stutt dyggilega við bakið á honum. Í greinargerð félagsins með um-

sóknum um styrk úr Húsafriðunarsjóði árið 2012 segir meðal annars: „Félagið lítur svo á að Þverárbaer, ásamt kirkju, kirkjugarði, úti-húsum, umhverfi bæjarins og sögu staðarins, sé þvílikur dýrgripur, að hann beri að varðveita með öllum tiltækum ráðum.“<sup>55</sup>

HS

## Gripir og áhöld

Skömmu eftir að núverandi kirkja á Þverá var vígð 1879 var efnt til hlutaveltu til að afla fjár til kaupa á kirkjumunum. Keypt var ný *altaristafla*, *kaleikur* og tveir *ljósastjakar*. Í dagbókum Jóns Jóakimssonar á Þverá er frásögn af því er þessir kirkjumunir bárust.<sup>56</sup> Allir eru þessir munir enn til. Margt bendir til þess að kirkjan hafi einnig á þessum tímamótum eignast *ljósahjálm* þann er enn prýdir hana en af vísitasíu prófasts árið 1883 að dæma virðist kirkjan ekki hafa verið rík að munum á þeim tímum.<sup>57</sup>

Matthías Þórðarson þjóðminjavörður skráði kirkjugripi í Þverárkirkju þann 14. ágúst 1912. Lýsing hans á gripunum er ekki mjög ítarleg en flest af því sem hann skráði er enn í kirkjunni. Frá því að Matthías heimsótti Þverá hafa kirkjunni áskotnast nokkrir góðir gripir. Elstu munirnir eru að öllum líkindum *ljósberi* og *bakstursöskjur*, hvorir tveggja munir sem gætu verið frá því um 1700.

*Altaristaflan* er málúð á léref, hæð 112 cm og breidd 84 cm. Hún er eftir Arngrím Gíslason málara (1829-1887) og sýnir upprisu Krists þar sem hann kemur íklæddur rauðu klæði

11. Altaristaflan er eftirmánd Arngríms Gíslasonar (1829-1887) af málverki eftir franska listmálarann Charles-André van Loo og sýnir upprisu Krists. Taflan er líklega gerð árið 1879. – *The altarpiece (c. 1879) is a copy by Arngrímur Gíslason “the Painter” (1829-87) of a painting of the Resurrection by French artist Charles-André van Loo (1705-65).*





12. Altari og gráður voru smíðuð ný í kirkjuna 1879. Altarisdúkur með brún sem Kristjana Vigfúsdóttir á Húsavík heklaði árið 2003. – *The altar and rail are contemporary with the church. Altarcloth with frontlet crocheted by Kristjana Vigfúsdóttir of Húsavík, 2003.*

út úr grafarhellinum. Tveir varðmenn gæta grafarinnar, annar virðist sofa en hinn vakir. Engill hefur dregið steininn frá gröfinni. Til vinstri á myndinni er kona sem horfir í grafarmunnann. Í baksýn er Jerúsalemborg. Niðri í vinstra horni töflunnar stendur að hún sé eftir Ch. Vanloo<sup>58</sup> en hægra megin er hún merkt Arngrími Gíslasyni. Umgjörð er smíðuð af Jóni Stefánssyni trésmið á Akureyri. Matthías Þórðarson segir um töfluna að hún sé lík þeim sem eru í Presthólum og Stærra-Árskógi

en frummynd þeirra allra telur hann að rekja megi til altaristöflu í kirkjunni á Möðruvöllum í Hörgárdal, þeirri sem brann. Matthías segir: „Arngrímur málari braust inn í brennandi kirkjuna og barg málverkinu sjálfu, skemmdu, fékk að eiga það og gjörði eftir því mynd þá sem hér er.“<sup>59</sup> Kristján Eldjárn telur líklegt að taflan sé gerð 1879 og að Matthías hafi heyrт sögu töflunnar á Þverá.<sup>60</sup> Arngrímur mun hafa dvalið á Auðnum í Laxárdal um eitthvert skeið en foreldrar hans bjuggu þar um tíma.<sup>61</sup> Í lýsingu Þverárkirkju frá árinu 1880 kemur fram að ný altaristafla hefur verið þöntuð.<sup>62</sup> Árið 1883 er taflan komin í kirkjuna og þykir lagleg.<sup>63</sup> Um töfluna orti skáldkonan Hulda:

*Þar yfir altari ljómar  
yndisleg, tárfögur mynd,  
perla, af handlist hrifin,  
úr hugvitsins djúpu lind.*

Altarisdúkur úr hvítu hörlérefti, stærð 122×59 cm. Dúkurinn er jafn borðstærð, með hvít-heklaðri brún sem nær 27 cm fram af altari. Í munstri eru krossar með greinum upp með og tíglum á milli. Takkar eru neðan á. Brúnina á dúkinn heklaði Kristjana Vigfúsdóttir á Húsavík. Dúkur þessi kom í kirkjuna árið 2003, gefinn af Kvenfélagi Laxdæla. Jenný Karlsdóttir og Oddný E. Magnúsdóttir, sem kannað hafa altarisdúka í íslenskum kirkjum, telja að þetta mynstur, með örlistum tilbrigðum þó, komi viða fyrir í Þingeyjarsýslum en sjáist hvorki í Eyjafjarðar- né Skagafjarðarprófastsdænum.<sup>64</sup>

Eldri altarisdúkur úr hvítu damaski með blómamynstri, stærð 118×57 cm. Þessi dúkur



13. Kaleikur og patína úr silfurhúðuðum málmi, danskir gripir, keyptir til kirkjunnar 1881. – *Silver-plate chalice and paten, Danish, purchased 1881. Height of chalice 21.3 cm, diameter of paten 12 cm.*

er ekki lengur í notkun. Á honum er hekluð brún, 24 cm breið, í munstri eru krossar með greinum upp með og tíglum á milli. Aðalbjörg Benediktsdóttir frá Auðnum heklaði og gaf kirkjunni dúkinn einhvern tímann á árunum 1944 til 1948.

Gamall altarisdúkur úr hvítu, þunnu og hálfgegnsæju efni (voile), stærð 142×82 cm. Dúkurinn er með 10 cm breiðri bómullarblúndu. Í reikningum kirkjunnar kemur fram að fardagaárið 1880 til 1881 er keyptur nýr altarisdúkur.<sup>65</sup> Líklegt verður að telja að hér sé um sama dúk að ræða. Hann hefur ekki verið notaður lengi.

*Kaleikur og patína* úr silfurpletti frá H.C. Drewsen í Kaupmannahöfn. Kaleikurinn er 21,3 cm á hæð, þvermál stéttar er 11,3 cm en skálar 10,8 cm, skálin er gyllt að innan. Á hnúð eru grafin laufblöð. Patínan er gyllt, einföld og skrautlaus. Þvermál hennar er 12

cm. Kaleikurinn var fenginn til kirkjunnar árið 1881 og var ásamt altaristöflunni og altarisstjökum keypt fyrir ágóða af hlutaveltu.<sup>66</sup> Ekki liggur fyrir hvenær patínan kom en svo virðist sem Matthías Þórðarson gangi út frá því að hún hafi komið um leið og kaleikurinn enda var það allalgegt þótt ekki sé alltaf tekið fram að patína fylgi kaleik.<sup>67</sup>

*Patínudúkur* úr rauðu flaueli. Stærð 17×17 cm. Silfurþráður er heklaður á brúnir og samskonar þráður myndar ramma á dúkfleti. Matthías Þórðarson telur hann nýlegan árið 1912.<sup>68</sup> Árið 1883 er dúkurinn ekki nefndur þegar taldir eru upp munir kirkjunnar.<sup>69</sup>

*Bakstursöskjur* renndar úr tré. Þær hafa verið blámálaðar og á lokið er fest plata með krossfestingarmynd og krjúpa Jóhannes og María þar hjá. Þvermál er 8,3 cm og ummál 33,5 cm. Sprunga er komin í lok en slegin hefur verið látúnsgjörð um lokið. Getið er um baksturs-



14. Bakstursöskjur renndar úr tré, þeirra gæti verið getið í vísitasíu árið 1702. – *Turned wooden pyx (container for Communion wafers), perhaps listed in visitation inventory 1702.*



15. Bakstursöskjur, nærmynd af loki með mynd af Kristi krossfestum, Maríu og Jóhannesi. – *Pyx (detail): Crucifixion with the Virgin Mary and St. John.*

öskjur í vísitasíu árið 1750.<sup>70</sup> Í vísitasíu Björns biskups Þorleifssonar frá árinu 1702 er getið um „bakstursöskjur litlar.“<sup>71</sup> Ekki er hægt að fullyrða að hér sé um sömu öskjur að ræða en telja verður það líklegt.

Tveir altarisstjakar úr pletti, samstæðir. Hæð 41,8 cm, þvermál stéttar 16 cm. Baugar eru ofarlega og neðarlega á legg. Stjakarnir bárust kirkjunni í mars 1881.<sup>72</sup>

Á árunum 1972 til 1975 eignaðist kirkjan aðra *kertastjaka* úr bronsi, gyllta. Hæð þeirra er 23,5 cm og þvermál stéttar 10 cm. Þessa stjaka gaf kirkjunni Regína Frímannsdóttir frá Árvammi í Laxárdal ásamt börnum sínum til minningar um látna vandamenn.<sup>73</sup>

*Skarbítur* úr járni gamall, öðru nafni ljósasöx. Skarbíturinn er 18 cm langur með broddi. Er líklega íslensk smíð. Árið 1828 vantar ljósa-



16. Skarbítur úr járni, íslensk smíð, sagður gamall árið 1912. – *Iron wick-trimmer, Icelandic, described as "old" in 1912.*

söx í kirkjuna og þau eru ekki tilgreind árið 1892.<sup>74</sup> Þau eru hins vegar komin árið 1912 og eru þá sögð gömul.<sup>75</sup> Ekki er þess getið í kirkjustól eða vísistásíum hvenær kirkjan eignaðist skarbítinn en telja verður sennilegt að hann sé frá 19. öld.

Grænn hökull og rykkilín, sídd hökuls úr hálsmáli að aftan er 117 cm. Á höklinum er gaffalkross og inn í hann er fellt fangamark Krists. Höklinum fylgir stóla. Skrúði þessi er gjöf frá Regínu Frímannsdóttur og börnum frá Árvammi í tilefni af 100 ára afmæli kirkjunnar 1978.

Hökul á kirkjan gamlan með rómönsku lagi. Sídd úr hálsmáli að aftan er 84 cm. Matthías Þórðarson segir í heimsókn sinni árið 1912, að kirkjan eigi hökul úr rauðu flaueli þar sem gullborði hafi fyrrum verið á krossi og leggingum.<sup>76</sup> Samkvæmt reikningum kirkjunnar eignast hún nýjan hökul fardagaárið 1873-1874. Sá kostaði 19 rd. og er sagður „úr rauðu silki flaueli með ekta vírborða.“<sup>77</sup> Breskur ferðalangur, er viðstaddir var messu á Þverá sumarið 1881, lýsti skrúða prestsins þannig að hann hefði verið í „rauðum hökli með stórum gylltum krossi á.“<sup>78</sup> Sennilegt má telja að það sé þessi hökull.



17. Skírnarfontur úr tré, útskorinn af Jóhanni Björnssyni myndskera á Húsavík árið 1958. – Wooden baptismal font, (1958), carved by woodcarver Jóhann Björnsson of Húsavík.

Rykkilín á kirkjan sem Halla Jónsdóttir á Þverá gaf árið 1975.<sup>79</sup>

Fermingarkyrtlar tveir voru gefnir kirkjunni árið 1978 af Kvenfélagi Laxdæla.<sup>80</sup>

Skírnarsár af tré, með silfur-skál. Hann er 82 cm á hæð, ferstrendur, þvermál borðplötu er 44,8 cm og þvermál silfur-skálar 27,3 cm. Sáinn er gefinn á 80 ára afmæli kirkjunnar 1958, til minningar um hjónin Halldóru Sigurðardóttur Guttormssonar á Arnheiðar-stöðum og Jón Jónsson Þveræing frá Þverá í Laxárdal. Smiður var Jóhann Björnsson á



18. Ljósberi úr tré, hans er hugsanlega getið í vísitasiú árið 1702. – Wooden lantern, perhaps listed in visitation inventory 1702.

Húsavík en Hreinn sonur hans gerði skálina.<sup>81</sup> Skírnarsárinn er útskorinn og skreyttur á öllum hliðum, brúnum, undir borðplötu og á fótstalli. Á hliðum er útskorinn kaleikur, mynd af Jesú að blessa barn, kross með fanga-marki Krists og friðardúfa. Efst er útskorinn krans, sem silfur-skálin fellur niður í, með nafni kirkjunnar, smíðaári fontsins og 80 ára afmælisári.

Ljósberi úr tré. Hann er 43 cm á hæð og þvermál neðst er 16 cm. Efst er renndur hnúður sem brotið er úr, þar má greina út-

skurð. Árið 1828 þegar Steingrímur Jónsson biskup vísiterar kirkjuna er getið um ljósbera af tré með látúnshjörum og einu gleri með listum, þá sagður farfaður.<sup>82</sup> Nú er litur víðast eyddur, þó má greina rauðan lit sums staðar. Ljósberans er ekki getið árið 1750 er Stefán Einarsson prófastur vísiteraði á Þverá.<sup>83</sup> Í vísitasíu árið 1702 nefnir Björn biskup Þorleifsson hins vegar „ljósbera af tré.“<sup>84</sup> Hér gæti verið um sama grip að ræða en erfitt er að fullyrða þar um.

Gömul *söngtafla* í rauðbrúnum ramma, hangir á kórgafli norðan altaris. Stærð hennar er 64,5×52,4 cm. Tvö sett af tölum eru til í kirkjunni, hið eldra og yngra. Óvist er um smið en töflunnar er fyrst getið árið 1892.<sup>85</sup>

*Skarlok* (ljósakæfa) og *ljósatendra* með tréskäfti og látúnstrekt, kveikur stendur fram úr. Gefandi er óþekktur, gefið árið 2002.<sup>86</sup>

*Biblía* gefin 1978 af Aðalbjörgu Halldórsdóttur og séra Sigurði Guðmundssyni á Grenjaðarstað.<sup>87</sup> Önnur *Biblía*, útgáfa 2007. Áletrun: *Til minningar um Aðalbjörgu Halldórsdóttur víglubiskupsfrú frá Grenjaðarstað, f. 25.05.1918, d. 27.09.2005. Frá eiginmanni og börnum.*

*Orgel* af gerðinni Lesley, fótstigið, gefið af Sigurði Hallmarssyni á Húsavík árið 2000. Kirkjan á eldra orgel frá árinu 1935 eða 1936 að hálfu á móti Ljóti, ungmennafélagi sveitarinnar. Það er nú í geymslu og ónothæft.<sup>88</sup>

*Ljósakróna* af eir og gleri fyrir átta kerti, líklega jafngömuleg kirkjunni.<sup>89</sup> Árið 1878 kemur



19. Ljósakróna af eir og gleri fyrir átta kerti, líklega jafngömuleg kirkjunni. – *Copper-and-glass chandelier for eight candles, probably contemporary with the church.*

fram að kirkjan á ljósahjálm úr gleri með átta ljósapípum, hjálmurinn hefur þá ekki verið festur upp og er hvatt til þess að það sé gert, annað hvort með málmeðju eða málms töng.<sup>90</sup>

*Moldunarker* og *prestaspáði* með látúnsskafti. Gefið árið 2003 af Aðalbjörgu Jónasdóttur í Kasthvammi og börnum hennar.<sup>91</sup>

*Klukkur* tvær eru í turni, misstórar. Önnur er 36,2 cm í þvermál og 30 cm á koll, hin er



20. Klukkur Þverárkirkju eru báðar frá 19. öld, sú eldri frá 1852, hin er jafngömul kirkjunni, keypt árið 1878.  
– The bells of Þverá Church date from 1852 and 1878. The larger is 36.2 cm in diameter, the other 31.8 cm.

31,8 cm í þvermál og 24 á koll. Enga áletrun er að sjá og óvist er um aldur. Í vísitasíu biskups frá árinu 1892 er greint frá því að tvær vænar klukkur séu í turni.<sup>92</sup> Í reikningum kirkjunnar kemur fram að keypt hefur verið ný klukka með rambalda fardagaárið 1852-1853 og önnur klukka, einnig ný, er fengin til kirkjunnar árið 1878.<sup>93</sup> Líklegt er að hér sé um að ræða klukkur þær er enn hljóma í Þverárkirkju.

Af eldri bókum á kirkjan *Kirkjusöngsbók* Jónasar Helgasonar, *Hátíðarsöngva* séra Bjarna Þorsteinssonar (1. útgáfu) og *sálmasöngsbók* Sigfúsar Einarssonar og Páls Ísólfs-sonar.

### Munir á Þjóðminjasafni Íslands

Annars vegar er *altaristafla* (Pjms. Víd. 69) máluð af Hallgrími Jónssyni (1717-1785) í Kasthvammi. Þóra Kristjánsdóttir skrif- aði um hana í bókina *Mynd á þili* og taldi



töfluna málaða á seinni hluta 18 aldar. Málverkið er mjög frumstætt og barnalegt en handbragð Hallgríms augljóst. Efst á málverkinu er áletrun: DOMINI JESU CHRISTI SACRA CÆNA.<sup>94</sup>

Hins vegar er þar *minningartafla*, tvær fjalir (Pjms. 1989 – 85). Þór Magnússon hefur skrifað um hana í Árbók fornleifafélagsins 1991.<sup>95</sup> Um er að ræða tvær furufjalir, graf-skrift yfir séra Ólaf Þorláksson er síðast hélt Mývatnsþing og dó uppgjafaprestur á Brett- ingsstöðum í Laxárdal árið 1756. Önnur fjölin er u.p.b. 134,5 cm að lengd en sagað hefur verið lítillega neðan af henni. Breidd hennar er 13,8-17,5 cm og þykktin um 2,6 cm. Hin fjölin er 136,6 cm, breiddin 15,5 cm og þykkt svipuð og hinnar. Þór Magnússon telur að það fari vart milli mála að þessi graf-skrift sé eftir Hallgrím Jónsson í Kasthvammi.

SH



21. Altaristafla (Pjms. Víd. 69) frá Þverárkirkju eftir Hallgrím Jónsson (1717-1785), gerð á seinni hluta 18. aldar, líklega svonefnd undirtafla. – *Altarpiece from Þverá Church painted by Hallgrímur Jónsson (1717-85), probably a predella.*

## Kirkjugarður og minningarmörk

Kirkjugarðurinn er í hallalítilli brekku móta austri. Á þrjá vegu er hlaðinn veggur sem er að mestu leyti úr móbergi en að vestanverðu er steinsteyptur veggur með timburgrindarhliði á móts við kirkjudyrnar, gerður úr ferstrendum stólpum og sléttum, þynnri vegg á milli. Suðurveggurinn er allur gerður úr tilhöggnu móbergi og var endurhlaðinn árið 2003. Hann er rúmur hálfur annar metri á hæð þar sem hæst er. Austurveggurinn er gerður úr móbergi sem að nokkru leyti er tilhöggið. Móbergssteinar norðurveggjarins eru mun minna tilhöggnir. Kirkjugarðurinn er að verulegu leyti fylltur mold innan við grjótveggina. Garðurinn er sléttur og vel hirtur.

Gamla torfkirkjan, sem var rifin þegar núverandi kirkja reis, var umkringd kirkjugarðsvegg úr hraungrýti og torfi. Kirkjugarðurinn var kringlóttur. Veggurinn hafði lengi verið skörðóttur og að verulegu leyti hruninn. Þegar steinkirkjan reis voru þegar uppi

áform um að hlaða nýjan kirkjugarðsvegg úr móbergi. Til hans átti að nota afgangsgrjót frá kirkjubyggingunni og bæta við það eftir þörfum. Greinilega sást móta fyrir kringlóttu garðinum og þegar byrjað var að hlaða nýja garðinn komu í ljós innan við nýja vegginn leifar af eldri kirkjugarðsvegg sem gerður var úr hraungrýti.

Líklega hefur söfnuðurinn verið búinn að fá sig fullsaddan af því að höggva grjót og bera þegar kirkjan var fullbyggð. Að minnsta kosti er víst að lítið sem ekkert var unnið að kirkjugarðsvegnum í nokkra áratugi. Ár eftir ár hvatti prófastur söfnuðinn að hlaða sem fyrst vegg um kirkjugarðinn úr því grjóti sem lá laust umhverfis hann en allt kom fyrir ekki.

Árið 1919 lét söfnuðurinn þó loks til skarar skríða. Veggurinn var hlaðinn og sáluhlið smíðað. Nýi garðurinn var hlaðinn ferhyrndur þannig að allar fjórar hliðar hans snertu upphaflega hringvegginn.<sup>96</sup> Kirkjugarðurinn var stækkaður til norðurs árið 1928. Þá var



22. Legsteinn yfir Guðrúnu Jóhönnu Hannesdóttur (1862-1890) og tveimur börnum hennar. – *Gravestone of Guðrún Jóhanna Hannesdóttir (1862-90) and two of her children.*

hlaðni veggurinn að vestan tekinn niður og grjótið úr honum notað í stækkunina en í staðinn var gerður steinsteyptur veggur.<sup>97</sup>

Árið 1949 er þess getið við prófastsvísitus að kirkjugarðsveggurinn, „hinn mikli og prýðilega hlaðni vörlugarður úr högnum sandsteini,“ sé farinn að skekkjast á stöku stað og muni þurfa viðgerðar von bráðar. Ári síðar, eða 1950, var hlaðni veggurinn endurbættur þar sem brýnast var þörf.<sup>98</sup>

Kirkjugarðurinn var stækkaður til norðurs öðru sinni árið 1999 þar sem garðurinn var

að mestu leyti útgraflinn og var þá veggurinn færður út sem því nam. Hleðslan hélst lítið sem ekkert breytt, hver steinn rataði aftur á sinn stað.<sup>99</sup>

Hinir hlöðnu veggir kirkjugarðsins á Þverá eru einstakir í sinni röð. Ekki er kunnugt um aðra kirkjugarðsveggi hlaðna úr tilhöggnu móbergi.

Eitt leiði í garðinum er með smíðajárnsgrindverki umhverfis. Austan kirkju eru tveir elstu legsteinar garðsins, báðir með hvítum marmaraplotum sem felldar eru í vel mótaða steinsteypu. Annar þeirra er mótaður með rislaga bjór yfir marmaraplotu með áletruninni:

HÉR HVÍLIR  
MEÐ BÖRNUM SÍNUM TVEIM  
GUÐRÚN JÓHANNA HANNESDÓTTIR  
FÆDD 30. MAÍM: 1862  
GIPT 7. JÚLÍ 1885  
JÓNATAN JÓHANNESSYNI  
DÁIN 9. JÚLÍ 1890  
HÚN VAR ÁSTRÍK EGINKONA  
GREIND OG GUÐELSKANDI

Guðrún Jóhanna bjó í Saltvík á Tjörnesi.

Hinn steinninn er mótaður sem púlt og marmaraplatan felld framan á með áletruninni:

HJER HVÍLIR  
PÓSTUR  
JÓHANNES JÓNATANSSON  
★ 7. NÓVBR 1832  
† 18. NÓVBR 1891

Á nokkrum leiðum í garðinum vex burnirót. Hún hefur verið gróðursett þar til skrauts og



23. Legsteinn yfir Jóhannesi Jónatanssyni (1832-1891) pósti. – *Gravestone of mail-carrier Jóhannes Jónatansson (1832-91), who ventured over hazardous mountain routes in all weathers to deliver mail. He fell ill and died on one such journey.*

vex í þéttum háum brúskum. Burniræturnar setja sérstakan svip á garðinn. Ekki er kunnugt um aðra kirkjugarða þar sem þessi jurt er notuð með sama hætti.

Eftir Áskeli Snorrasyni, sonarsyni Jóns Jóakimssonar, er höfð þessi frásögn:

*Eitt sinn þegar hann ungur var að taka gröf í norðvesturhorni garðsins, rétt utan við gamla hringgarðinn og að nokkru leyti undir stæði hans komu þeir ofan á einkennilega gröf. Í henni hefði engin kista verið heldur var þunnum braunhellum raðað á rönd allt i*



24. Nærmynd af smíðajárngrindverki. – *Wrought-iron surround (detail).*

*kring og yfir allt saman voru reistar hraunhellur eins og þak, burst, mjög haganlega frá öllu gengið. Ekki vissi hann hvort hellur voru í botni því að þeir reyndu að hrófla þessu sem minnst.<sup>100</sup>*

Þessi gröf hefur á sínum tíma verið tekin utan kirkjugarðsins en ekki var heimilt að jarða sakamenn í vígðum reit. Þegar kirkjugarðurinn var stækkaður hefur gröf þess sakfellda verið gleymd og varð gröfin innan garðs. Sviðað atvik kom fyrir á Svalbarði í Þistilfirði en frá því greinir í frásögn um kirkjugarðinn þar.

HS

## Tilvísanir

- 1 Reykdæla saga. Ísl. fornrit X, 169-171.
- 2 Sturlunga saga I, 276-277.
- 3 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín XI, 204.
- 4 Andrés Kristjánsson: Aldarsaga Kaupfélags Þingeyinga 1882 – 20. febrúar 1982, 75.
- 5 Coles, John: Íslandsferð, 142-143.
- 6 Coles, John: Íslandsferð, 143.
- 7 Ísl. fornbréfasafn II, 430-431.
- 8 Ísl. fornbréfasafn II, 423-424.
- 9 Sigurður Líndal: Upphof kristni og kirkju. Saga Íslands I, 271.
- 10 Ísl. fornbréfasafn III, 556.
- 11 Þórólfur Jónasson: Grenjaðarstaðarprestar. Saga þeirra og starf í stuttu máli. Árbók Þingeyinga 1964, 155.
- 12 Björn Teitsson: Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu, 105.
- 13 Áskell Jónasson bóndi á Þverá. Viðtal árið 2008.
- 14 Guðrún Alda Gísladóttir og Orri Vésteinsson: Mennингarminjar í Reykdælahreppi. Svæðisskráning, 63.
- 15 Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín XI, 203-211.
- 16 Hákon Jónsson: Brotinn er nú bærinn minn. Endurminningar, 35.
- 17 Manntal á Íslandi 1845. Norður- og austuramt, 378-379.
- 18 Hulda: Úr minningablöðum, 99.
- 19 Hallgrímur Pétursson: Laxdælir, 203.
- 20 Bjartmar Guðmundsson: Jón Jóakimsson á Þverá og dagbækur hans 1844-1892. Árbók Þingeyinga 1967, 89.
- 21 Bjartmar Guðmundsson: Jón Jóakimsson á Þverá og dagbækur hans 1844-1892. Árbók Þingeyinga 1967, 128.
- 22 Guðmundur Hannesson: Ídnsaga Íslands I, 134.
- 23 Guðjón Friðriksson: Skrá um íslenska smiði í Kaupmannahöfn 1814-1918. (Handrit).
- 24 ÞÍ. Þingeyjarprófastsdæmi AA/21. Þverá 31. ágúst 1861.
- 25 ÞÍ. Þingeyjarprófastsdæmi AA/22. Þverá 6. október 1876.
- 26 HskHús. E-147/2. Dagbækur Jóns Jóakimssonar 1844-1892.
- 27 Þorsteinn Gunnarsson: Viðeyjarstofa og kirkja, 75.
- 28 HskHús. E-147/2. Dagbækur Jóns Jóakimssonar 1844-1892.
- 29 ÞÍ. Þingeyjarprófastsdæmi AA/22. Þverá 3. júní 1880.
- 30 ÞÍ. Bps. C V, 196. Bréf til biskups úr Þingeyjarsýslu 1880.
- 31 Pétur Zophóníasson: Ættir Skagfirðinga, 26.
- 32 ÞÍ. Bps. C V, 196. Bréf til biskups úr Þingeyjarsýslu 1880.
- 33 Náttúrufræðistofnun Íslands. Surtseyjarfélagið. <http://www.ni.is/jardfraedi/rannsoknir/moberg/>
- 34 ÞÍ. Biskupsskjallasafn 1994-AA/1. Þverá 8. ágúst 1892.
- 35 ÞÍ. Þingeyjarprófastsdæmi AA/23. Þverá 1897.
- 36 ÞÍ. Þingeyjarprófastsdæmi AA/24. Þverá 1905.
- 37 ÞÍ. Þingeyjarprófastsdæmi AA/24. Þverá 31. ágúst 1908.
- 38 ÞÍ. Biskupsskjallasafn 1994-AA/2. Þverá 20. ágúst 1912.
- 39 ÞÍ. Þingeyjarprófastsdæmi AA/25. Þverá 1914 og 1918.
- 40 ÞÍ. Biskupsskjallasafn 1994-AA/4. Þverá 1921.
- 41 ÞÍ. Þingeyjarprófastsdæmi AA/26. Þverá 1939.
- 42 Friðrik Friðriksson: Þverárkirkja í Laxárdal. Kirkjutíð 1959, 47.
- 43 ÞÍ. Biskupsskjallasafn 1994-AA/8. Þverá 1962.
- 44 Húsafríðunarnefnd. Þverárkirkja.
- 45 Kirkjur Íslands 8, 270.
- 46 ÞÍ. Þingeyjarprófastsdæmi AA/22. Reykjahlíð 1876.
- 47 HskHús. Þingeyingaskrá Konráðs Vilhjálmssonar.
- 48 Kirkjur Íslands 8, 271.
- 49 Árni Sigurðsson: Í Breiðdal fyrir 60 árum. Lögberg 1.2. 1912.
- 50 Hjalti Pálsson rithöfundur. Viðtal 24. janúar 2012.
- 51 Áskell Jónasson á Þverá. Viðtal.
- 52 Kirkjur Íslands 8, 270.
- 53 Friðrik Friðriksson: Þverárkirkja í Laxárdal. Kirkjutíð 1959, 47.
- 54 Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér nánar þennan þátt í menningu Þverárheimilisins skal bent á heimasiðu Vinafélags Þverárkirkju, en þar er meðal annars að finna skemmtisögur af Snorra og Benedikt Jónssonum frá Þverá: [http://www.marvidar.com/um\\_mig/vinafelag\\_thverarkirkju/](http://www.marvidar.com/um_mig/vinafelag_thverarkirkju/)
- 55 [http://www.marvidar.com/vinafelag\\_thverarkirkju/](http://www.marvidar.com/vinafelag_thverarkirkju/)
- 56 HskHús. E-147/2. Dagbækur Jóns Jóakimssonar 1844-1892, færsla 29. mars 1881.
- 57 ÞÍ. Þingeyjarprófastsdæmi, AA/23. Þverá 30. júlí 1883.
- 58 Hér mun átt við franska listmálarnn Charles-André van Loo (1705-1765).
- 59 Þjms. Kirknabók Matthíásar Þórðarsonar. Þverá 14. ágúst 1912.
- 60 Kristján Eldjárn: Arngrímur málari, 168.
- 61 Hallgrímur Pétursson: Laxdælir, 203.
- 62 ÞÍ. Þingeyjarprófastsdæmi AA/23. Þverá 3. júní 1880.

- 63 ÞÍ. Þingeyjarprófastsdæmi AA/23. Þverá 30. júlí 1883.
- 64 Oddný E. Magnúsdóttir: Altarisdúkar. Bergmál 2010, 15-17.
- 65 HskHús. HRP-78/1. Kirkjustóll Þverárkirkju 1750-1931.
- 66 ÞÍ. Þingeyjarprófastsdæmi AA/23. Þverá 30. júlí 1883.
- 67 Þjms. Kirknabók Matthíasar Þórðarsonar. Þverá 14. ágúst 1912.
- 68 Þjms. Kirknabók Matthíasar Þórðarsonar. Þverá 14. ágúst 1912.
- 69 ÞÍ. Þingeyjarprófastsdæmi AA/23. Þverá 30. júlí 1883.
- 70 ÞÍ. Þingeyjarprófastsdæmi AA/6. Þverá 8. október 1750.
- 71 ÞÍ. Bps. B III, 12. Þverá 1702.
- 72 HskHús. E-147/2. Dagbækur Jóns Jóakimssonar 1844-1892, færsla 29. mars 1881.
- 73 Áskell Jónasson á Þverá. Viðtal 2010.
- 74 ÞÍ. Bps. C I, 1. Þverá 7. ágúst 1828; Biskupsskjalasafn 1994-AA/1. Þverá 8. ágúst 1892.
- 75 Þjms. Kirknabók Matthíasar Þórðarsonar. Þverá 14. ágúst 1912.
- 76 Þjms. Kirknabók Matthíasar Þórðarsonar. Þverá 14. ágúst 1912.
- 77 HskHús. HRP-8/1. Kirkjustóll Þverárkirkju 1750-1931.
- 78 Coles, John: Íslandsferð, 143.
- 79 Biskupsstofa. Vísitasía biskups á Þverá 2002.
- 80 Biskupsstofa. Vísitasía biskups á Þverá 2002.
- 81 ÞÍ. Biskupsskjalasafn 1994-AA/8. Þverá 14. ágúst 1962.
- 82 ÞÍ. Bps. C I, 1. Þverá 7. ágúst 1828.
- 83 ÞÍ. Þingeyjarprófastsdæmi AA/6. Þverá 8. október 1750.
- 84 ÞÍ. Bps. B III, 12. Þverá 1702.
- 85 ÞÍ. Biskupsskjalasafn 1994-AA/1. Þverá 8. ágúst 1892.
- 86 Biskupsstofa. Vísitasía biskups á Þverá 2002.
- 87 Biskupsstofa. Vísitasía biskups á Þverá 2002.
- 88 Áskell Jónasson á Þverá. Viðtal 2009.
- 89 Áskell Jónasson á Þverá. Viðtal 2009.
- 90 HskHús. Hrp-78/1. Kirkjustóll Þverárkirkju 1750-1931.
- 91 Áskell Jónasson Þverá. Viðtal 2012.
- 92 ÞÍ. Biskupsskjalasafn 1994-AA/1. Þverá 8. ágúst 1892.
- 93 HskHús. HRP-78/1. Kirkjustóll Þverárkirkju 1750-1931.
- 94 Þóra Kristjánsdóttir: Mynd á þili, 114-115.
- 95 Þór Magnússon: Minningartafafla úr Þverárkirkju. Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1991, 125-130.
- 96 ÞÍ. Þingeyjarprófastsdæmi AA/25. Þverá 1925; sbr. Þjms. Kristján Eldjárn: Dagbók 22. júní 1965.
- 97 ÞÍ. Þingeyjarprófastsdæmi AA/25. Þverá 1928 og 1929; Áskell Jónasson á Þverá. Viðtal.
- 98 Áskell Jónasson á Þverá. Viðtal.
- 99 Áskell Jónasson á Þverá. Viðtal.
- 100 Þjms. Kristján Eldjárn: Dagbók 22. júní 1965.

## Mynda- og teikningaskrá

1. Ívar Brynjólfsson ljósmyndari. Þjms.
2. Ljósmyndari óþekktur. Þjms.
- 3.-6. Mælingarteikningar gerðar af Søren Nielsen Bjerg, Alexandre Cherbonnier, Daniela Galvani, Llanos Gomez, David Luque, Tuomas Niemelä, Israel Paez arkitektanemum og Poul Nedergaard Jensen arkitekt 2005.
- 7.-24. Ívar Brynjólfsson ljósmyndari. Þjms.

## English summary

Þverá in Laxárdalur is an ancient manor and church site, which derives its name from the nearby river of the same name. At Þverá a 19<sup>th</sup> century turf farmhouse is preserved, along with sheeppsheds and a barn, as part of the National Museum Historic Buildings Collection.

Þverá is mentioned in *Reykðæla saga* (the Saga of the Reykjadalur People), when a meeting took place there to discuss how best to deal with the consequences of a severe winter, by appealing to the gods. Ljótur, chieftain and pagan priest at Þverá, proposed the offering of votive gifts, along with killing infants and the elderly. Áskell, chieftain at Hvammur, suggested that the gods were more likely to be appeased by taking care of the elderly and feeding children well, and this proposal was adopted. *Sturlunga saga* recounts that Ísleifur Hallsson of Þverá provided refuge there for the rebel Bishop Guðmundur Arason after his defeat by the northern magnates at Helgastaðir in 1220.

Pverá was a regular meeting-place in the region. The inaugural meeting of the Þingeyjarsýsla Cooperative, the first of many in Iceland, was held in the old farmhouse in 1882. Many travellers called at the farm, which was roomy by the standards of the time. A British visitor, John Coles, who stayed at Pverá in 1881, remarked that the household was clean and well-run. The turf farmhouse was lived in until 1966.

The oldest documentation of a church at Pverá is a cartulary of Bishop Auðunn from 1318. It is hard to say when the first church was built at Pverá, but it may have been around 1100. A cartulary of Bishop Pétur Nikulásson of Hólar (1394) states that the church was dedicated to St. Peter. The church is privately owned by the farmer. Unlike most such churches, it had no property of its own. The farm of Pverá has been in the same family since the mid-19<sup>th</sup> century, when Jón Jóakimsson moved there. The church is served by the pastor of Grenjaðarstaður.

Pverá Church stands in a churchyard in front of the farmhouse. All churches have probably stood on this same site. Jón Jóakimsson was a trained carpenter, and shortly after moving to Pverá he rebuilt the farmhouse. In 1876 he decided to build a new church; in consultation with the congregation, a decision was made to build a stone church.

At that time a stone church had recently been built at Reykjahlíð by Lake Mývatn. The stonemason was Jakob Frímann Brynjólfsson, who had been trained by Sverrir Runólfsson, who in turn had trained as a stonemason in Denmark. Iceland had little tradition of building in stone. Jakob Frímann was commissioned to build the stone structure, and the carpentry was carried out by Þorgrímur Jónsson from Gilsá, who had trained in Denmark.

For many years Jón Jóakimsson kept a journal in which he wrote about daily life on the farm. He left a detailed account of the building of the church.

The stone for the church, quarried from the slopes east of the Laxá river, was hyaloclastite (Icelandic *móberg*) which is an excellent building material similar to sandstone – a soft variant of basalt formed of loose volcanic materials in submarine or subglacial eruptions. The blocks of rock were tumbled down the slope, then transported on sledges during the winter, across the frozen Laxá river and up to the farm. The stone was further cut into regular blocks *in situ*.

Shortly after the church was built the roof began to leak, and the asphalt felt roofing proved inadequate. The roof was then thinly coated with cement, as the church walls had been, but this was no better. In 1897 it was suggested that the roof should be fitted with corrugated iron. This was done in 1905, which put an end to the leak.

In 1957-8 the church underwent extensive renovation for its 80<sup>th</sup> anniversary, and another major renovation was carried out in 2011. Rot which had been caused by the leak in the first decades had never been properly repaired; rafters and roofing were now replaced, and the roof and tower were clad in asphalt felt, as they were originally.

The church is the southernmost of the buildings of the farm cluster, and faces west. The nave and chancel are of equal width. The church is rectangular: 6.17 m wide and 8.67 m long. The church roof, half-hipped at the east end, is clad in asphalt felt. Over the west end is a square tower with a pyramidal roof. The walls are about 50 cm in thickness, but the bottom course of stones is thicker, forming a plinth. The exterior of the walls is brushed with a thin coating of cement. The plinth is grey, the walls white. The stone blocks

can be discerned through the rendering. The size of the blocks of stone decreases towards the top of the walls. The walls are 2.7 m in height from the plinth to the lower edge of a concave moulding under the eaves. The height of the end walls to the hip of the roof is 4,02 m.

Atop the tower roof is a rather long octagonal wooden rod, crowned with a sphere and a weathervane, a sheet of metal into which the date 1878 is cut. In the front of the tower is a wooden window with diamond-panes. In the north and south sides of the tower are wooden louvres.

On either side of the church are two large cast-iron windows with Romanesque arches. High up in the end walls are circular cast-iron windows. The entrance is in the middle of the west wall, with double doors. On either side are pilasters moulded in plaster, grey in colour. Over the doorway is a cast-iron fanlight, echoing the form of the window arches.

The interior arrangements are conventional, with a central aisle from the entrance to the altar and pews on either side. One beam spans the church. On it rests a gallery, which is reached by a stair in the northwest corner of the church.

The pulpit stands at the south wall between nave and chancel. Pulpit and pedestal are hexagonal. The altar, with storage inside, is built in the same manner as the pulpit. It stands on a rounded altar dais with altar rail and kneeling-step. The floor is wide wooden boards, painted grey. The walls are thinly plastered, and the interior is white-washed. The church, with the exception of the gallery, is spanned by a small-panelled sky-blue vault with a five-pointed yellow star on each panel. Between wall and vault is a yellow moulding.

The gallery is open to the church, with two square posts at the front between the beam and the vault, supporting the east side of the tower.

At the time when Þverá Church was built, only one stone church had previously been built in the northeast of Iceland – Reykjahlíð Church, which was built of lava slabs. Hyaloclastite had never been used before as a building material in the north. The construction of Þverá Church was thus a daring undertaking. In addition it required a special community effort. The building of a new church was the responsibility of the farmer of Þverá, but he conferred with the other farmers in the parish about the stone building, and they agreed to contribute to the project by cutting and transporting the stone.

The form of Þverá Church bears a resemblance to that of wooden churches of the time, but the roof is less steeply pitched. The pitch of the roof is similar to that of Þingeyrar Church, a stone church completed in 1877, and old photographs of Reykjahlíð Church indicate that its roof-pitch was similar also. The chancel is unusually large in proportion to the nave, and the walls are taller than is usual for wooden churches.

The fact that it is a stone church is what makes Þverá Church interesting, as stone churches were a rarity in Iceland. In addition it is unusual, being the first building in north Iceland constructed of hyaloclastite. Only one other hyaloclastite church is known, at Lundabrekka: it was built a few years later, and to much the same pattern.

Þverá Church has belonged to the same family since it was built. The farm has passed down from father to son, and the present farmer is Áskell Jónasson, great-grandson of Jón Jóakimsson. The church has been well maintained and cared for, and it remains almost unchanged since it was built.

The old turf farmhouse of Þverá is a part of the National Museum Historic Buildings Collec-

tion. Together the church and the farm buildings comprise a remarkable heritage site.

The altarpiece, 112 cm in height and 84 cm in width, is a painting on canvas by Arngrímur Gíslason “the Painter” depicting the Resurrection, with the city of Jerusalem in the background. In the lower left corner are the words *Ch. Vanloo*, while Arngrímur’s signature appears on the right. The ornate frame was made by carpenter Jón Stefáns-son of Akureyri. Believed to have been painted in 1879, the altarpiece has been in the church since 1883. It is said to be a copy of an altarpiece which was in the church at Möðruvellir in Hörgárdalur, which burned down in 1865. Árngrímur is said to have entered the burning church to save the altarpiece, which was damaged by the fire, and to have painted a copy.

White altarcloth, 122×59 cm, with crocheted border by Kristjana Vigfússdóttir of Húsavík. Gift to the church in 2003. Jenný Karlsdóttir and Oddný E. Magnúsdóttir, who have researched altarcloths in Icelandic churches, have concluded that this design, with small variations, is common in churches in the county of Þingeyjarsýsla, but is unknown in the northern deaneries of Eyjafjörður and Skagafjörður.

Silver-plate chalice and paten from H.C. Drewsen. Height of chalice 21.3 cm, diameter of base 11.3 cm, of bowl 10.8 cm. The inside of the bowl is gilded. The paten is plain and without ornament, gilt, diameter 12 cm. The chalice was acquired in 1881, and the paten probably at the same time.

Pair of nickel-silver altar candlesticks, height 41.8 cm, diameter of base 16 cm, in the church since 1881.

Old hymnboard with brown frame. Maker unknown. First documented 1892.

Wooden baptismal font with silver bowl, height 82 cm, diameter 44.8 cm, diameter of bowl 27.3 cm. Gift on the church’s 80<sup>th</sup> anniversary in 1958. Font made by Jóhann Björnsson of Húsavík, and bowl by his son Hreinn. The font is carved on all sides.

The church has a green chasuble with Y-cross orphrey. The chasuble, with matching stole, was a gift to the church on its centenary in 1978. The church has an old red-velvet chasuble of Romanesque form, with gold orphrey, probably late 19<sup>th</sup> century.

Copper-and-glass chandelier for eight candles, probably contemporary with the church.

In the tower are two bells, diameters 36.2 and 31.8 cm. They are without inscription, so their age is uncertain. A new bell was purchased in 1852-3, and another in 1878 – probably these bells.

The churchyard, on slightly sloping ground facing east, has a drystone wall on three sides (mostly hyaloclastite like the church). At the west side is a concrete wall with wooden gate.

The old turf church, which was demolished when the present church was built, stood in a circular churchyard enclosed by a wall of lava rock and turf. In 1919 surplus stone from the construction of the church was used to build new walls, and the churchyard was made rectangular. The churchyard was enlarged in 1928 and again in 1999.

At the east end of the church are the two oldest gravestones in the churchyard, both with marble plaques. Roseroot (*Rhodiola rosea*) has been planted on several graves.

The drystone walls of the churchyard are unique: no other churchyard wall is known to have been built of cut blocks of hyaloclastite.